



almannaheill

samtök þriðja geirans

Reykjavík 17. desember 2020

*Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattaegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Mál nr. 239/2020*

Almannaheill, samtök þriðja geirans, lýsa með þessari umsögn eindregnum stuðningi við þetta 342. mál yfirstandandi þings, sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram.

Samtökunum er málið skylt, enda er yfirlýst markmið Almannaheilla að vinna að bættu skattaumhverfi íslenskra almannaheillasamtaka, til samræmis við það sem best þekkist. Breytingarnar sem felast í þessu frumvarpi marka stórt skref í átt að slíku skattaumhverfi—þótt þær brúí ekki bilið við helstu samanburðarlöndin að fullu. Mat Almannaheilla á einstökum skattabreytingum kom fram í fyrri umsögnum samtakanna um sama efni í samráðsgátt á þessu og fyrra ári og er vísað til þeirra hér.

Í umsögn Almannaheilla frá nóvember 2020 var bent á skort á almennri, lagalegri skilgreiningu á almannaheillafélagaskrá, einu af lykilatriðum þessa skattafrumvarps. Slík skrá er skilgreind í sértækum lögum um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019. Í þeim lögum segir (16. gr.) að Ríkisskattstjóri skrái “félag samkvæmt lögum þessum og lögum um fyrirtækjaskrá og starfrækir almannaheillafélagaskrá í því skyni”. Gallinn er sá að lögin nr. 119/2019 fjalla eingöngu um félög með starfsemi yfir landamæri, ekki meginþerra almannaheillasamtaka í landinu.

Í 2. gr. þess frumvarps sem hér er til umsagnar segir:

“Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum á því tímamarki þegar gjöf er afhent eða framlag er veitt og upplýsingar um fjárhæð fjárframlags hafi verið móttæknar frá viðtakanda til áritunar á skattframtal. Ákvæði VII. kafla laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019 gilda um skráningu lögaðila í almannaheillafélagaskrá eftir því sem við á. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.”

Samkvæmt þessu er ætlunin að láta reglugerð ráðherra útfæra ákvæði sértækra laga, laganna um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, “eftir því sem við á”, þannig að þau nái til mun stærri hóps félaga sem vinna að almannaheill. Mun eðlilegra verður að teljast að ákvæði um skilgreiningu og meðferð almannaheillafélagaskrár væri flutt í almennari lög, sem næði yfir þorra þeirra félaga sem um ræðir og munu m.a. njóta skattaívilnana samkvæmt þessu frumvarpi.



# almannaheill

samtök þriðja geirans

Slík ákvæði voru einmitt í frumvarpi um félög til almannaheilla sem ráðherra málaflokksins lagði þrisvar sinnum að stofni eins fyrir alþingi á undanförunum árum, síðast vorið 2019, en hlaut ekki afgreiðslu.

Þær skattabreytingar sem hér eru lögð drög að undirstrika einmitt nauðsyn þess að frumvarp um félög til almannaheilla verði lagt fram að nýju og eðlilegur lagarammi fyrir almannaheillastarfsemi verði lögfestur. Um leið og skattalegar ívilnanir og hlunnindi félaga sem starfa að almannaheill eru augin, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, verður brýnna en áður að skýra út réttindi og skyldur félaganna og þeirra einstaklinga sem þeim stjórna. Of mörg dæmi eru um að ágreiningur, misskilningur, vanræksla og yfirsjónir í starfi félaga í þessum geira megi rekja til óljósra laga og reglna. Slík mál valda skaða sem ekki takmarkast við viðkomandi félag, heldur hafa einnig áhrif á önnur félög sem vinna að almannaheill. Slík mál valda einnig opinberum aðilum, sem styrkja og styðja starfsemi af þessu tagi, tjóni. Nú þegar skattaívilnanir eru auknar er meira í húfi fyrir opinbera aðila og þriðja geirann í heild sinni að stuðla að því að sem fæst slík mál komi upp.

Félög sem starfa að almannaheill þurfa, ekki síður en t.d. einkahlutafélög eða hlutafélög, á skýru rekstrarformi sem skilgreinir réttindi og skyldur þeirra sem starfa innan ramma þess. Að mati Almannaheilla væri með vel skilgreindu rekstrarformi félaga til almannaheilla verið að auka traust og trúverðugleika almannaheillastarfseminnar—gera hana hæfari til að taka að sér verkefni og leysa samfélagsleg vandamál.

Um leið og Almannaheill fagna efni þessa frumvarps leggja samtökin því áherslu á að aukið tilefni er til að lög um félög til almannaheilla verði endurflutt og lagarammi fyrir almannaheillastarfsemi gerður heillegur og trúverðugur.

f.h. Almannaheilla, samtaka þriðja geirans

---

Jónas Guðmundsson formaður



Aðildarfélög Almannaheilla eru:

<u>ADHD samtökin</u>	<u>Kvenréttindafélag Íslands</u>
<u>Bandalaq íslenskra skáta</u>	<u>Landvernd</u>
<u>Barnaheill</u>	<u>Landssamband eldri borgara</u>
<u>Blátt áfram forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi á börnum</u>	<u>Landssamtökin Geðhiálp</u>
<u>Blindrafélagið</u>	<u>Landssamtökin Þroskahiálp</u>
<u>Einstök börn</u>	<u>Neytendasamtökin</u>
<u>Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB)</u>	<u>Norræna félagið</u>
<u>Félag lesblindra</u>	<u>Móðurmál – samtök um tvítvngi</u>
<u>Félagið Álfur</u>	<u>SÁÁ – Samtök áhugafélks um áfengis- og vímuefnavandann</u>
<u>FRÆ Fræðsla og forvarnir</u>	<u>Samtök sparifjäreigenda</u>
<u>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</u>	<u>SOS barnaborpin</u>
<u>IOGT á Íslandi</u>	<u>Styrktarfélag krabbameinssiúkra barna</u>
<u>Heimili og skóli</u>	<u>Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra</u>
<u>Hiartavernd</u>	<u>Unqmennafélag Íslands – UMFÍ</u>
<u>Hiálparstarf Kirkjunnar</u>	<u>Umhyggja</u>
<u>Krabbameinsfélagið</u>	Vímulaus æska
<u>Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur</u>	<u>Öryrkiabandalaq Íslands</u>
<u>Kvenfélagasamband Íslands</u>	



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 8. febrúar 2021

*Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Mál nr. 342/2020*

Almannaheill, samtök þriðja geirans, hafa áður sent Alþingi umsögn um þetta mál og lýst stuðningi við það.

Almannaheill vilja þó bæta við umsögn sína áhyggjum sem samtökin hafa eftir nánari skoðun af einu ákvæði frumvarpsins—sem er reyndar ekki lítilvægt atriði heldur eitt af lykilatriðum frumvarpsins. Það snýst um hina takmarkandi skilgreiningu á starfsemi til almannaheilla sem fram kemur í 1. grein frumvarpsins og breytir efni 4. töluliðar 4. greinar tekjuskattslaga.

Með því að takmarka skattaívilnanir almannaheillasamtaka með upptalningu á tegundum starfsemi sem ívilnanirnar ná til er boðið heim hættunni um að mismunun á milli almannaheillamálefna eigi sér stað. Varla er hægt að gera ráð fyrir að slík upptalning, eins og sú sem kemur fram í frumvarpsgreininni og reyndar útfærð í greinargerð, geti verið tæmandi. Almannaheillamálefni eru misjafnlega áberandi og þau þróast og breytast með þróun samfélagsins.

Þannig virðast ýmis viðurkennd almannaheillasamtök falla milli skips og bryggju í þeirri upptalningu sem fram kemur í frumvarpinu. Óvíst er meira að segja að nokkur aðildarfélög Almannaheilla, sem þó byggja aðildarskilyrði sín á alþjóðlegum viðmiðunum, falli innan ramma frumvarpsins. Hvar er t.d. gert ráð fyrir réttindasamtökum, mannréttindasamtökum og umhverfissamtökum?

Skýrt hefur komið fram hjá fjármála- og efnahagsráðherra, flutningsmanns frumvarpsins, að því sé ætlað að auka skattaívilnanir en alls ekki að þrengja þær. Samt virðist hætta á að félög sem ekki hafa þurft að greiða tekjuskatt í ártugi standi nú skyndilega frammi fyrir því að þurfa að greiða skattinn. Það stríðir ekki aðeins gegn langri hefð heldur líka skattavenjum margra landa.

Þar sem með frumvarpinu er gert ráð fyrir að vísað verði í þessar skilgreiningu 4. töluliðar 4. greinar í ýmsum öðrum skattalögum er ennfremur hætta á að mörg almannaheillasamtök missi af þeim nýju skattaundanþágum og hvötum sem boðaðar eru í frumvarpinu, s.s. varðandi fjármagnstekjuskatt, stimpligjald, endurgreiðslu viðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað og frádrætti frá skattskyldum tekjum einstaklinga og fyrirtækja vegna gjafa til almannaheillastarfs.



# almannaheill

samtök þriðja geirans

Þau gætu meira að segja aftur orðið að greiða erfðafjárskatt af gjöfum sem þau hafa ekki greitt í nokkur ár vegna þess að nýja skilgreiningin nær ekki til þeirra en sú eldri, sem tók til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa að almannaheillum, gerði það.

Að mati Almannaheilla getur þetta ákvæði frumvarpsins skapað mismunum og skekkju í skattaumhverfi almannaheillasamtaka í landinu. Affarasælla væri að lögfesta opnara ákvæði, sem gerði samtökunum sjálfum skylt að sýna fram á, með framlagningu samþykktar, félagslaga og starfsskýrslna, um leið og þau leituðu skráningar í almannaheillafélagaskrá, að starfsemi þeirra væri í eðli sínu almannaheillastarf og uppfyllti allar aðrar kröfur skattalaga um óhagnaðardrifna starfsemi.

Almannaheill óska því eftir að efnahags- og viðskiptanefnd endurskoði þetta ákvæði áður en frumvarpið kemur til 2. umræðu á Alþingi.

f.h. Almannaheilla, samtaka þriðja geirans

---

Jónas Guðmundsson formaður



Aðildarfélög Almannaheilla eru:

<u>ADHD samtökin</u>	<u>Kvenréttindafélag Íslands</u>
<u>Bandalag íslenskra skáta</u>	<u>Landvernd</u>
<u>Barnaheill</u>	<u>Landssamband eldri borgara</u>
<u>Blindrafélagið</u>	<u>Landssamtökin Geðhiálp</u>
<u>Einstök börn</u>	<u>Landssamtökin Þroskahjálp</u>
<u>Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB)</u>	<u>Neytendasamtökin</u>
<u>Félag lesblindra</u>	<u>Norræna félagið</u>
<u>Félagið Álfur</u>	<u>Móðurmál – samtök um tvítvngi</u>
<u>FRÆ Fræðsla og forvarnir</u>	<u>SÁÁ – Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann</u>
<u>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</u>	<u>Samtök sparifiáreigenda</u>
<u>IOGT á Íslandi</u>	<u>SOS barnabörpin</u>
<u>Heimili og skóli</u>	<u>Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna</u>
<u>Hiartavernd</u>	<u>Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra</u>
<u>Hiálparstarf Kirkjunnar</u>	<u>Ungmennafélag Íslands – UMFÍ</u>
<u>Krabbameinsfélagið</u>	<u>Umhvaqja</u>
<u>Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur</u>	Vímulaus æska
<u>Kvenfélagasamband Íslands</u>	<u>Öryrkiabandalag Íslands</u>



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). (Þingskjal 416 — 342. mál, 151. löggj.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint frumvarp.

Barnaheill lýsa yfir ánægju sinni með fyrirhugaðar breytingar á lögum í þeim tilgangi að skapa skattalegan hvata fyrir lögaðila og einstaklinga til að styrkja og efla starfsemi almannaheillafélaga. Barnaheill fagna þeirri viðurkenningu sem birtist í umfjöllun ráðuneytisins um málið, að starfsemi almannaheillafélaga sé samfélagslega mikilvæg og þakka fyrir hana.

Barnaheill styðja þær hugmyndir sem fram eru komnar um breytingar á lögum og um þær leiðir sem lagðar eru til. Samtökin hvetja þó Alþingi til að stíga skrefinu lengra í því að veita almannaheillafélögum undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts, með því að undanskilja alfarið, ekki einungis tímabundið, hvers kyns sölu á varningi eða þjónustu almannaheillafélaga frá greiðslu virðisaukaskatts þar sem gera má ráð fyrir að sala sem fram fer á vegum almannaheillafélaga sé gerð í fjáröflunartilgangi en ekki í hagnaðarskyni.

Hvað varðar endurgreiðslu innskatts sem kveðið er á um í frumvarpinu, benda samtökin á að endurgreiðslur innskatts vegna mannvirkjagerðar koma sér vel fyrir hóp almannaheillafélaga, en alls ekki öll. Hins vegar gæti það orðið til mikils gagns ef úrræðið væri útfært með þeim hætti að almannaheillafélögum yrði endurgreiddur innskattur sem greiddur er við kaup á ýmissri annarri þjónustu, svo sem ráðgjafarþjónustu, markaðsþjónustu, framleiðslu kynningarefnis og fjáröflunar auk annarar þjónustu sem nýtist félaginu í að tryggja rekstrargrundvöll og miðla upplýsingum til almennings og hagsmunaaðila.

Barnaheill fagna því að málið skuli hafa verið lagt fram fyrir þing og hvetja til þess að það fái vandaða meðferð og munu leggja sitt af mörkum til að styðja við að það fái framgang.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.





# Samantekt um umsagnir

## Efni

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Þingskjal 416 – 342. mál á 151. löggjafarþingi 2020-2021.

## Fjöldi umsagna

25.

## Umsagnaraðilar

Almannaheill, samtök þriðja geirans, Barnaheill, Fuglavernd, Geðhjálp, Hagsmunasamtök heimilanna, Háskóli Íslands, Hjálparstarf Kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), KFUM og KFUK á Íslandi, Krabbameinsfélag Íslands, Kvennréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Náttúruverndarsamtök Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Rauði Krossinn á Íslandi, Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Samtök um Kvennaathvarf, Siglingaklúbburinn Nökkvi, Sigurjón Högnason, Skatturinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, UMFÍ, UNICEF á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar.

## Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Efnahags- og viðskiptanefnd óskaði eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að brugðist yrði við tilteknum umsögnum sem bárust við þinglega meðferð málsins, eftir atvikum í samráði við Skattinn. Hér á eftir er að finna viðbrögð ráðuneytisins við þeim umsögnum og öðrum umsögnum sem talin var þörf á að bregðast sérstaklega við.

### 1. Skatturinn.

Í umsögn ríkisskattstjóra kom m.a. fram að 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga tæki til undanþágu atvinnurekstrarfélaga frá greiðslu tekjuskatts af hagnaði þeirra. Undanþágan tæki því til allra lögaðila sem skattskyldir væru samkvæmt 2. gr. laganna og réðist af því að hagnaðinum væri alfarið ráðstafað til almannaheilla og lögaðilinn hefði það að einasta markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum.

Í umsögn sinni benti ríkisskattstjóri á að undanþága frá greiðslu tekjuskatts af hagnaði samkvæmt 4. tölul. 4. gr. laganna væri aldrei veitt fyrirfram heldur væri hún metin við hverja álagningu frá ári til árs, enda væri skilyrði undanþágunnar tvíþætt, þ.e. að hagnaði sé einungis varið til almannaheilla og að lögaðilar hafi það eina markmið samkvæmt samþykktum sínum. Skýr úrskurða- og dómaframkvæmd væri fyrir því að bæði þessi skilyrði þyrftu að vera uppfyllt. Samþykktir félags um ráðstöfun hagnaðar til almannaheilla leiddi þannig ekki sjálfkrafa til viðurkenningar á því að um almannaheillafélag væri að ræða. Jafnframt voru gerðar nokkrar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins, þ.m.t. ákvæði þess er varða breytingar á ákvæðum laga um skattlagningu

fjármagnstekna og virðisaukaskatt. Í umsögninni var síðan að finna breytingartillögur ríkisskattstjóra í samræmi við athugasemdir hans.

Ráðuneytið hefur í samstarfi við ríkisskattstjóri unnið að breytingum á frumvarpinu.

Í 1. gr. frumvarpsins var upphaflega gert ráð fyrir því að gerðar yrðu breytingar á 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í umsögn ríkisskattstjóra er líkt og áður hefur komið fram m.a. gerðar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Athugasemdirnar lúta einkum að því fyrirkomulagi sem varðar móttakendur gjafa til almannaheilla og skráningu þeirra lögaðila á almannaheillafélagaskrá verði frumvarpið óbreytt að lögum. Ákvæði 4. tölul. 4. gr. hefur það að einasta markmiði að undanþiggja skattlagningu hagnað lögaðila skv. 2. gr. af atvinnurekstri, ef hagnaðinum er samkvæmt samþykktum einungis ráðstafa til almannaheilla og þau skilyrði reynast hafa verið uppfyllt. Það er þó fyrst við álagningu u.þ.b. 10 mánuðum eftir lok reikningsársins að afstaða ríkisskattstjóra liggur fyrir um það, hvort hagnaði viðkomandi reikningsárs teljist hafa verið varið til almannaheilla og lögaðili njóti á þeim forsendum við álagningu undanþágu frá greiðslu tekjuskatts.

Að auki bendir ríkisskattstjóri á að almennt verði að gera greinarmun á því hvort stundaður sé almennur atvinnurekstur eða hvort hugsjónastarfsemi sé starfrækt til almannaheilla. Hugsjónastarfsemi sem starfrækt er til almannaheilla er almennt fjármögnuð með almennum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og fellur utan skattskyldu skv. 5. tölul. 4. gr., enda ekki talið að eðlisþættir starfseminnar, s.s. að líknarmálum, feli í sér atvinnurekstur. Þá falla þeir lögaðilar sem hafa með höndum starfsemi til almannaheilla almennt undir 5. tölul. 2. gr. tekjuskattslaga, t.a.m. almenn félagasamtök.

Eins og fram kemur er það meginmarkmið frumvarpsins að heimila annars vegar einstaklingum og lögaðilum frádrátt frá tekjum vegna gjafa og framlaga til tiltekinnar starfsemi sem stunduð er til almannaheilla og hins vegar að veita þeim aðilum sem viðurkenndir hafa verið og skráðir á framangreindum forsendum í almannaheillafélagaskrá Skattsins frekari stuðning með niðurfellingu tiltekinna skatta og gjalda.

Til að bregðast við framangreindum athugasemdum ríkisskattstjóra leggur ráðuneytið til breytingar á 1. gr. frumvarpsins í samráði við ríkisskattstjóra.

Lagt er til að nýr 9. tölul. bætist við 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt þar sem fram komi að þeir lögaðilar sem um ræðir í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 5. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, og hafi með höndum þá starfsemi til almannaheilla sem fellur undir a-g liði 2. mgr. 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, verði undanþegnir tekjuskatti, séu þeir skráðir í sérstaka almannaheillaskrá hjá fyrirtækjaskrá Skattsins.

Þá er lagt til að tilgreint verði sérstaklega í töluliðnum að ákvæði VII. kafla laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019, skuli gilda um skráningu lögaðila í almannaheillaskrána, eftir því sem við eigi.

Jafnframt er lagt til að lögaðila verði einungis heimilt að stunda atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum lögaðilans og leiða megi beint af tilgangi hans eða ef starfsemi hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna lögaðilans.

Að auki eru lagðar til afleiddar breytingar til samræmis við þá breytingu sem lögð er til að gerð verði á 1. gr. frumvarpsins ásamt lítilsháttar breytingum á orðalagi tiltekinna ákvæða frumvarpsins til frekari skýringa sem ætlað er að leiða til skýrari skattframkvæmdar.

Markmið breytinganna er að afmarka með skýrari hætti þau félög, sjóði og stofnanir sem verða eftir breytinguna undanþegin tekjuskatti vegna starfsemi til almannaheilla og verða bær til þess að móttaka gjafir og framlög frá einstaklingum og lögaðilum vegna starfsemi sinnar.

Með því verður ljóst að undir nýjan 9. tölulið 4. gr. falla eingöngu félög, sjóðir og stofnanir sem hafi með höndum þá starfsemi sem talin er til almannaheilla og fellur undir upptalningu í b-lið 1. gr. frumvarpsins og hafa ekki að meginstarfsemi sinni að stunda atvinnustarfsemi með hagnaðartilgang að leiðarljósi. Með þessu móti er talið að skilvirk skattframkvæmd náist hjá ríkisskattstjóra varðandi afmörkun þeirra aðila sem geti talist viðurkenndir móttakendur frádráttarbærra gjafa og framlaga frá einstaklingum jafnt sem lögaðilum. Í samræmi við athugasemdir ríkisskattstjóra þykir þannig rétt að þeir lögaðilar sem falla undir 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga og stunda starfsemi til almannaheilla sem getið er um í b-lið 1. gr. frumvarpsins falli undir nýjan 9. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga.

Með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 119/2019, um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, er eins og áður segir jafnframt lögð til sú breyting á 1. gr. að lögaðila verði þó eftir atvikum heimilt að stunda atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans, enda séu að öðru leyti öll almenn skilyrði fyrir atvinnustarfsemi uppfyllt. Sama eigi við um starfsemi til tekjuöflunar félags, sjóðs eða stofnunar sem hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna í starfsemi til almannaheilla.

Í frumvarpinu er nú gengið út frá því að þeir aðilar sem falla undir 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga verði undanþegnir tekjuskatti af fjármagnstekjum hvort heldur sem er í staðgreiðslu eða við álagningu. Í ljósi framangreindrar umfjöllunar, þ.e. að afstaða ríkisskattstjóra liggur ekki fyrir um það hvort hagnaði hafi verið varið til almannaheilla fyrr en við álagningu, **leggur ráðuneytið til að undanþágan taki einungis til skattlagningar fjármagnstekna við álagningu en ekki í staðgreiðslu. Með vísan til þess er lagt til að 6. gr. frumvarpsins falli brott.**

Þá leggur ráðuneytið jafnframt til að orðið „góðgerðarfélag“ falli brott í 1. tölul. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt til að gæta samræmis í hugtakanotkun og þar sem að tilvísunin getur valdið misskilningi. Að mati ráðuneytisins verði því að telja nægjanlegt að aðili uppfylli skilyrði málsgreinarinnar til þess að hafa með höndum góðgerðarstarfsemi svo að starfsemi geti talist undanþegin skattskyldu. Einnig er lagt til með hliðsjón af þeim breytingum sem hér eru lagðar til með nýjum 9. tölulið, að vísað verði til þess töluliðar í málsgreininni þegar metið er hvort hagnaði af góðgerðarstarfsemi sé að öllu leyti varið til almannaheilla.

## 2. Sigurjón Högnason

Í umsögn Sigurjóns Högnasonar kemur m.a. fram að 1. gr. frumvarpsins virðist þrengja verulega gildissvið 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum. Í því sambandi leggur hann til breytingu í þá veru að hagnaði teljist varið til almannaheilla hvort heldur lögaðili verji honum í þágu eigin starfsemi til almannaheilla eða með fjárframlögum til annars lögaðila sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla.

Að mati ráðuneytisins virðist ákveðins misskilnings gæta um að verið sé að þrengja ákvæði 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga. Einungis er verið að gefa afmörkun þess, hvernig eða til hvaða starfsemi hagnaði megi verja, þannig að undanþága frá greiðslu tekjuskatts verði viðurkennd. Þrátt fyrir ummæli í greinargerð er varða 2. gr. frumvarpsins breyta þau ummæli að mati ráðuneytisins engu hér um meginmarkmið 1. gr. frumvarpsins um að undanþiggja hagnað skattskyldu vegna ráðstöfunar hans til almannaheilla.

Almennt hefur í skattframkvæmd reynt á undanþágu 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga í þeim tilfellum þegar lögaðili ráðstafar hagnaði sínum til aðila sem telst starfa til almannaheilla fremur en að eiginleg starfsemi lögaðilans og fjármögnun til almannaheilla felist í atvinnurekstri hans, þannig að almannheill megi skoða sem eðlisþátt atvinnustarfseminnar. Þrátt fyrir að tillagan að orðalagsbreytingunni orði þannig að nokkru leyti gildandi rétt, verður þó ekki séð að hún nái því markmiði sem að er stefnt. Að mati ráðuneytisins stendur eftir sem áður að ákveðinn ómöguleiki er til staðar við ákvörðun á því að meta fyrirfram við skráningu á almannaheillafélagaskrá hvort hagnaði lögaðila til almannaheilla sé einungis varið til almannaheilla samkvæmt samþykktum hans, sbr. lagaáskilnað 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga. **Nýjum 9. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, sem fjallað er um hér að framan, er ætlað að bregðast við þessu.**

Í umsögninni kemur einnig fram að notkun orðsins „almannaheillafélagaskrá“ í 2. og 3. gr. frumvarpsins sé e.t.v. ekki lýsandi fyrir það hvaða lögaðilar skuli færðir á skrána og gæti orðnotkunin hugsanlega verið villandi. Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins eru það ekki einungis félög, sem hafa með höndum þá starfsemi til almannaheilla sem tilgreind er í b-lið 1. gr. frumvarpsins, sem eiga að falla undir skrána heldur einnig sjóðir og stofnanir sem hafa með höndum sömu starfsemi til almannaheilla.

Ráðuneytið getur tekið undir þetta sjónarmið og leggur til að þar sem talað er um „í almannaheillafélagaskrá Skattsins“ í frumvarpinu komi „í sérstaka almannaheillaskrá hjá fyrirtækjaskrá Skattsins“.

Ekki er tekið undir tillögu til breytinga á frumvarpinu þess efnis að umsækjandi sé skráður sem lögaðili til almannaheilla skv. 3. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum eru ákvæði VII. kafla laga nr. 119/2019 fyllri en ákvæði II. kafla laga nr. 17/2003, þannig að skráning á grunni laga um fyrirtækjaskrá hefði að öllum líkindum ekki fullnægjandi lagastoð.

Það er meginforsenda fyrir framkvæmd gjafafrádráttar að hún sé skilvirk. Forsenda þeirrar skilvirkni er að lögð sé sú skylda á þá sem njóta þess að verið sé að efla grundvöll fjáröflunar í þeirra þágu að þeir haldi utan um fjárframlög og gjafir þeim til handa og geri grein fyrir þeim fjárframlögum með skilvirkum hætti til forskráningar á skattframtöl, þannig að skattframkvæmd verði hnökralaus og án aukins flækjustigs vegna þessa nýja frádráttar. **Upplýsingagjöf skráðra móttakanda gjafaframlaga myndi þannig verða ráðandi um það hverjir njóta frádráttar á grundvelli forskráningar.**

### 3. UNICEF á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar

UNICEF á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar fagna frumvarpinu og þeim mikilvægu markmiðum sem því er ætlað að ná. Í umsögn samtakanna kemur hins vegar fram að þau telji áriðandi að benda á tiltekna meinbugi á löggjöf um almannaheillafélög sem leitt hafa til þess að sjálfseignastofnanir líkt og þeir umsagnaraðilar sem hér um ræðir falli ekki undir meginákveði frumvarpsins, þrátt fyrir að hafa einungis með höndum starfsemi til almannaheilla.

Það er mat ráðuneytisins að hér gæti ákveðins misskilnings. Samkvæmt 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga er ekki gerður greinarmunur á félagiformi lögaðila. Í 4. tölul. 4. gr. laganna kemur fram að allir þeir lögaðilar sem falla undir 2. gr. laganna og hér eigi heimili falli undir töluliðinn, þ.m.t. sjálfseignarstofnanir sem falla undir 5. tölul. 2. gr. laganna, „önnur félög, sjóðir og stofnanir, þ.m.t. sjálfseignarstofnanir“. Með nýjum 9. tölul. 4. gr., sem ráðuneytið leggur til að verði lögfestur, munu sjálfseignarstofnanir eftir sem áður vera undanþegnar skattskyldu tekjuskatts samkvæmt 4. gr. laganna, uppfylli slíkar stofnanir almenn skilyrði fyrir því að starfsemin sé til almannaheilla.

Með þeirri breytingu sem ráðuneytið leggur til að gerð verði á frumvarpinu, þ.e. að í stað orðsins „almannaheillafélagaskrá“ verði vísað til orðsins „almanneillaskrá“, er einnig að mati ráðuneytisins tekinn af allur hugsanlegur vafi í þessum efnunum, þ.e. að sjálfseignarstofnanir sem uppfylla skilyrði frumvarpsins geti talist undanþegnar tekjuskatti og verði þar með bærar til skráningar á almannaheillaskrána.

#### 4. Kvenréttindafélag Íslands

Kvenréttindafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla. Í umsögn félagsins er þó lagt til að það verði gert skýrt að samtök sem berjast fyrir réttindum fólks sem af ýmsum ástæðum er jaðarsett í samfélaginu falli undir löggjöfina. Það er mat félagsins að ekki sé augljóst að b-liður 1. gr. frumvarpsins nái yfir þau réttindi.

Ráðuneytið vill benda á að greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að undir hugtakið mannúðar- og líknarstarfsemi í b-lið 1. gr. falli m.a. starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, þ.m.t. starfsemi Rauða krossins. Hér er því eingöngu tiltekin starfsemi tilgreind í dæmaskyni, en ekki með tæmandi hætti. Til aukins skýrleika leggur ráðuneytið þó til að samhliða mannúðar- og líknarstarfsemi verði „mannréttindastarfsemi“ tilgreind sérstaklega sem starfsemi sem falli undir b-lið 1. gr. frumvarpsins.

#### 5. Náttúruverndarsamtök Íslands

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands fagna frumvarpinu. Samtökin benda þó á að þörf sé á að kveðið verði sérstaklega á um að starfsemi náttúru- og umhverfisverndarsamtaka falli undir b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið telur að umsögn samtakanna sé á misskilningi byggð. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er að finna upptalningu á þeirri starfsemi sem telst til almannaheilla samkvæmt frumvarpinu. Þar kemur m.a. fram að „menningarmálastarfsemi“ teljist vera starfsemi til almannaheilla.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er hugtakið almenningsheill ekki skilgreint í 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga. Í skattframkvæmd hefur hins vegar verið horft til frádráttarbærni gjafa sem gefnar eru til starfsemi sem fellur undir tiltekna málaflokka við afmörkun á því hvort lögaðili starfi til almenningsheilla eða ekki, sbr. 2. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga, en málaflokkar þessir eru nú tilgreindir í 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Í a-lið 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, kemur fram að hvers konar menningarmálastarfsemi teljist frádráttarbær. Í dæmaskyni er síðan m.a. talin upp sérstæð náttúrufrirbrigði, skóggreiðsla, sandgræðsla o.fl.

Af þessu leiðir að starfsemi náttúru- og umhverfissamtaka yrðu að öllu jöfnu talin falla undir menningarmálastarfsemi í skilningi b-liðar 1. gr. frumvarpsins og því undanþegin tekjuskatti.

Þá bendir ráðuneytið einnig á að tvöfaldur hvati er fyrir lögaðila til þess að gefa til starfsemi náttúru- og umhverfissamtaka. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lögaðili geti dregið frá tekjum sínum einstaka gjafir og framlög, allt að 1,5% af atvinnurekstrartekjum til menningarmálastarfsemi. Auk þess yrði lögaðilum jafnframt heimilt að draga 1,5% af atvinnurekstrartekjum sínum vegna gjafa og framlaga til aðgerða sem stuðla eiga að kolefnisjöfnun, svo sem aðgerða í rekstri til kolefnisjöfnunar, sem og fjárframlög til skógræktar, uppgreiðslustarfa og endurheimtar votlendis.

### Gildistaka frumvarpsins

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku. Gert hafði verið ráð fyrir því að frumvarpið öðlaðist gildi 1. janúar 2021. Þó var gert ráð fyrir að þau ákvæði frumvarpsins er vörðuðu almannheillafélagaskrá Skattsins tækju ekki gildi fyrr en 1. júlí 2021. Þá var gert ráð fyrir því að endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt 8. gr. frumvarpsins öðlaðist gildi 1. janúar 2022 og tæki þannig við ákvæði til bráðabirgða nr. XXXIV sem rennur sitt skeið á enda þann 31. desember 2021.

Í ljósi þess að frumvarpið náði ekki fram að ganga á síðasta haustþingi er nú lögð til breytt gildistaka á frumvarpinu. Lagt er til að frumvarpið í heild sinni öðlist gildi þann 1. janúar 2022. Með því gefst tími til að aðlaga reglur og kerfi að þeim breytingum sem hér eru lagðar til auk þess sem tækifæri gefst, þá eftir atvikum, til að huga að frekari skilgreiningum í lagatexta eða með setningu reglugerða.

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
**Nefndasviði Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

**Reykjavík 22.febrúar 2021**

**Varðar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla.)**

Í upphafi vil ég biðjast velvirðingar á því að hafa ekki skilað inn athugasemdam við þetta frumvarp innan tilskilins tíma. Fuglaverndarfélag Íslands var ekki á lista yfir þau félagasamtök sem óskað var eftir samráði við og var það fyrir tilviljun að ég sá umfjöllun um frumvarpið annarsstaðar. Þetta er mjög slæmt því ef frumvarpið nær fram að ganga óbreytt þá muni það hafa afdrifarík áhrif á Fuglaverndarélagið sem hefur verið starfandi síðan 1963 og ávallt starfað í þágu almannaheilla.

Undirrituð, fyrir hönd Fuglaverndar, vil koma á framfæri áhyggjum og furðu yfir því að í frumvarpinu sé svo takmörkuð skilgreining á starfsemi til almannaheilla, eins og fram kemur í 1.gr. og varðar breytingar á 4. tölulið 4.greinar laganna. Í frumvarpinu er gerð tilraun til að skilgreina hvaða starfsemi telst til almannaheilla með upptalningu. Upptalningin er í sjö liðum en þar er hvorki að finna náttúruverndar- eða umhverfissamtök. Þar sem allt frumvarpið byggir á þessari skilgreiningu þá hlýtur hún að vera á skjön við markmið frumvarpsins sem er að liðka fyrir rekstrarumhverfi samtaka sem ekki eru rekin með hagnaðarvon að leiðarljósi og eru að leggja sitt af mörkum til að stuðla að betra samfélagi.

Það að ætla sér að skilgreina á hverjum tíma hvað séu almannaheillasamtök mætti telja metnaðargjarnt þar sem erfitt er að sjá það fyrir hvaða almannaheillamál þurfi stuðning frá frjálsum félagasamtökum á hverjum tíma. Svo virðist sem ráðuneytið ætli að gera sumum málefnum hærra undir höfði en öðrum með upptalningunni.

Í greinargerðinni er talað um algenga skiptingu þriðja geirans í tvennskonar félög, annarsvegar er tekið dæmi um félög ens og stéttarfélög og húsfélög sem lýsandi fyrir félög sem styrki tiltekna hagsmuni félagsmanna eða félagsins sjálfs og svo hinsvegar félög sem stunda starfsemi til þess að auka almannaheill, og miða að því að vinna að bættum hag ótiltekins hóps manna. Hér ætti að vera ljóst hvorri tegundinni af félagasamtökum umhverfis- og náttúruverndarfélag tilheyra.

Það er ósk okkar og fleiri í sömu stöðu að þessi 1. gr. verði felld niður og áfram verði notast við opnara orðalag um þá sem þessi lög eiga við. Það verður væntanlega áfram hlutverk skattayfirvalda að halda utan um og rannsaka þau félagasamtök sem hafa fengið ívilnanir byggðar á þessum lögum ef einhver grunur leikur á að þau séu ekki að vinna óhagnaðardrifið og af heilindum að verkefnum er varða almannaheill.

**Virðingafyllst**  
**Hólmfríður Arnardóttir**  
**Framkvæmdastjóri Fuglaverndar**





Nefndasvið Alþingis  
B.t. Efnahags og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2020

**Umsögn um mál 342 – Um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla)**

Landsamtökin Geðhjálp fagna framkomnu frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum og varða skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla. Framlög einstaklinga og lögaðila til starfsemi, sem telst til almannaheilla, eru í mörgum tilfellum grunnurinn að starfsemi þeirra. Það að gjafir og framlög til almannaheillasamtaka eða félaga allt að 350.000 kr. verði frádráttarbær frá skatti getur verið hvati fyrir einstaklinga og lögaðila til þess að styrkja þessi samtök/félög enn frekar.

Landsamtökin Geðhjálp gera hins vegar athugasemd við 10.000 kr. lágmark og spyrja hvaða rök liggja þar að baki? Í Danmörku er hámarkið svipað og lagt er til í þessu frumvarpi en ekkert lágmark. Það er þó framför frá fyrri drögum frumvarpsins að allt almanaksárið er undir núna í stað einstakra greiðslna. Með þessu geta mánaðarlegir styrktaraðilar, sem greiða samtökum/félögum undir 10.000 kr. í einu, safnað saman greiðslum ársins. Þetta er til bóta en hefði að mati Geðhjálpar ekki átt að vera lágmark því það undanskilur t.d. árgjöld og aðrar minni upphæðir sem er miður.


Varðandi virðisaukaskattinn þá telur Geðhjálp að ganga hefði þurft lengra. Við fögnum því auðvitað að t.d. íþróttafélög geti ráðist í mannvirkjaframkvæmdir og fengið allt að 60% virðisaukaskatts endurgreiddan. Það hefði hins vegar skipt meira máli fyrir rekstur flestra almannaheillasamtaka/félaga, sem greiða virðisaukaskatt af ráðgjöf, framleiðslu efnis, auglýsingar/markaðsmál o.fl., að geta sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þessa. Hér er um óhagnaðardriffin félög/samtök að ræða sem innheimta engan útskatt en greiða innskatt og munar verulega um það t.d. þegar farið er í stórar kostnaðarsamar herferðir á landsvísu.



Framlög einstaklinga og lögaðila til almannaheillasamtaka/félaga er eins og áður sagði grunnurinn að starfsemi margra þeirra. Hins vegar verður ekki hjá því litið að framlög opinberra aðila skiptir verulegu máli líka. Geðhjálp hefur ítrekað bent á þann galla sem er á núverandi fyrirkomulagi sem gerir samtökunum og öðrum almannaheillafélögum að sækja um á hverju ári til ráðuneyta um styrk fyrir næsta rekstrarár. Umsóknarfrestur rennur vanalega út seint að hausti og svör berast ekki fyrr en þegar mánuður er liðinn af nýju rekstrarári. Þetta gerir áætlanagerð nær ómögulega og getur sett starfsmannahald í vanda – fyrir utan tímafrekt umsóknarferli og annað í kringum það. Geðhjálp hefur því lagt til að gerðir verði samningar til þriggja og/eða fimm ára við helstu samtök og félög sem starfa til almannaheilla og eru nauðsynleg samfélagi okkar.

Það að nú sé loksins kominn hvati til þess að einstaklingar og lögaðilar styrki almannaheillasamtök/félög má hins vegar ekki verða til þess að ríkið dragi um of úr framlögum til þessara samtaka/félaga. Mörg þeirra sinna mikilvægu eftirlitshlutverki sem ríkisvaldið bæði lætur hjá líða að sinna eða hreinlega getur ekki sinnt. Það er því mikilvægt að þau séu fjárhagslega sjálfstæð og rekstur þeirra tryggður. Frumvarpið er stórt skref í rétta átt en þá aðeins ef ekki er farið í niðurskurð í framlögum á móti.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar Geðhjálp



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



30. nóvember 2020

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 342. mál á 151. löggjafarþingi**

*Skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla*

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt þeim skattalegu ívilnum sem lagt er til í frumvarpi þessu að verði veittar vegna starfsemi félagsamtaka í þágu almannaheilla.

Þegar drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt, gagnrýndu samtökin að neytendasamtök féllu ekki undir gildissvið þess. Þetta hefur nú verið lagfært með því að bæta þeim við þá upptalningu sem kemur kemur fram í 1. gr. frumvarpsins, sem er mikið fagnaðarefni að mati samtakanna.

Eins og kom einnig fram í umsögn samtakanna í samráðsgátt, eru þau að frekar litlu leyti fjármögnuð með styrkjum og frjálsum framlögum, heldur að langstærstu leyti með árlegum félagsgjöldum, sem eru nú 4.900 krónur á félagsmann. Þar sem frádráttarbærni framlaga frá tekjuskatti samkvæmt 2. gr. frumvarpsins afmarkast við fjárhæðir á bilinu 10.000-350.000 krónur er því ljóst að þetta myndi að óbreyttu ekki nýtast bróðurparti þeirra sem styðja starfsemina með greiðslu félagsgjalda. Svipað á við um önnur neytendasamtök hér á landi eftir því sem næst verður komist.

Hagsmunasamtök heimilanna mælast því eindregið til þess að ekki verði nein neðri mörk á fjárhæð frádráttarbærra framlaga. Auðvelt er að gera slíka breytingu með því að fella einfaldlega brott úr 2. gr. frumvarpsins orðin “að lágmarki samtals 10 þús. kr. og”.

Loks hvetja Hagsmunasamtök heimilanna til þess að fyrirkomulag fjármögnunar samtaka sem starfa í þágu almannaheilla verði tekið til endurskoðunar. Ekki síst í ljósi þess að mörg þeirra fást við verkefni sem eru í raun lögbundin eða leiða af þjóðréttarlegum skuldbindingum. Slík verkefni ættu alltaf að vera fjárhagslega á ábyrgð ríkisins, þó svo að framkvæmd þeirra sé útvistað að einhverju leyti til aðila sem hafa nauðsynlega sérhæfingu á viðkomandi sviði. Fjármagnið ætti að koma úr ríkissjóði fremur en að vera háð vilja og getu almennings til fjárhagslegs stuðnings við slík viðfangsefni.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sent á netfang: [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Tilvísun: HI21020143

Reykjavík 17. febrúar 2021

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 416 – 342. mál.**

Með tölvupósti dags. 15. febrúar sl. fór lögfræðingur á skrifstofu rektors Háskóla Íslands þess á leit við nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að Háskóli Íslands fengi að senda nefndinni umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla) sem nefndin hefur til meðferðar. Nefndin hafði tvívegis áður kallað eftir umsögnum frá ýmsum hagsmunaaðilum, en síðari frestur til þess að skila umsögnum var veittur til 8. febrúar sl. Háskóli Íslands var ekki meðal þeirra aðila sem nefndin hafði beðið að veita umsögn sína. Þau svör bárust frá nefndarritara að Háskóli Íslands mætti senda umsögn sína fyrir vikulok, 19. febrúar 2021.

I. Um styrktarsjóði Háskóla Íslands

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands hafa umsjón með sjóðum og gjöfum sem ánafnaðar hafa verið Háskóla Íslands. Stjórn Styrktarsjóðanna er skipuð af háskólaráði og hefur eftirlitshlutverk með fjárvörslu sjóðanna. Eignir styrktarsjóða sem tengjast Háskóla Íslands eru einkum til komnar vegna gjafa frá velunnurum skólans. Gjafir sem sjóðunum bárust á fyrstu áratugunum eftir stofnun háskólans árið 1911 brunnu að miklu leyti upp á verðbólguárunum, með nokkrum undantekningum. Frá níunda áratug síðustu aldar hefur þó tekist að ávaxta sjóðaeignirnar með ásættanlegum hætti. Eins og nærri má geta urðu sjóðirnir fyrir tjóni við hrun fjármálakerfisins, en meðalávöxtun undanfarinn aldarfjórðung hefur þrátt fyrir það verið ágæt. Ávöxtunin hefur verið notuð að hluta til að efla sjóðina og að hluta til úthlutunar styrkja.

Í árslok 2019 námu eignir sjóðanna rétt um 6,8 milljörðum króna og dreifðust á ríflega 50 sjóði. Langstærstur þessara sjóða er Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands, en eignir hans námu 3,6 milljörðum króna. Háskólasjóður Eimskipafélagsins er í vörslu Landsbankans. Undanfarin ár hefur doktorsnemum við Háskóla Íslands verið veittir styrkir úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur þannig skipt

sköpum fyrir uppbyggingu doktorsnáms við háskólann og er einn fárra sjóða hér á landi sem veitir doktorsnemum styrki.

## II. Skattlagning styrktarsjóða við Háskóla Íslands

Skattlagning styrktarsjóða við Háskóla Íslands hefur undanfarin ár dregið verulega úr getu þeirra til að styðja við uppbyggingu náms og rannsókna við skólann. Hefur hún m.a. mjög torveldað uppbyggingu doktorsnáms sem hefur eflst umtalsvert undanfarin ár í samræmi við stefnumörkun skólans. Þetta hefur verið mikið áhyggjuefni vegna þeirra slæmu áhrifa sem það getur haft á vísinda- og nýsköpunarstarf í landinu.

Háskóli Íslands, með aðstoð endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækisins Deloitte, tók fyrir þremur árum saman upplýsingar um skattalega umgjörð styrktarsjóða í löndunum í kring um okkur. Samantektin tók til allra Norðurlandanna auk Bretlands og Bandaríkjanna og leiddi í ljós að Ísland var eftirbátur þessara þjóða þegar kemur að skattalegri meðferð styrkveitinga í þágu rannsókna og vísinda. Í því sambandi skiptir mestu máli skattaleg meðferð fjármagnstekna hjá styrktarsjóðum, en jafnframt skattalegt umhverfi einstaklinga og lögaðila hvað varðar hvatann til þess að veita styrki eða gjafir til góðgerðarmála. Það er því mikið fagnaðarefni að fram er komið stjórnarfrumvarp, sbr. þingskjal 416, 342. mál, sem bætir verulega úr þeim göllum sem eru á skattalegri umgjörð styrktarsjóða hérlendis.

Þótt eignir styrktarsjóða háskólans séu allmiklar er geta sjóðanna til að veita styrki til náms og rannsókna því miður takmörkuð. Í fyrsta lagi kemur til lág ávöxtun fjárfestingarkosta hér á landi, s.s. skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Hún hefur lækkað allverulega til langs tíma og er nú u.þ.b. fjórðungur þess sem bauðst í upphafi aldarinnar og u.þ.b. einn tíundi þess sem hún varð hæst, um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Langtímaleitnin hefur verið til lækkunar, bæði hérlendis og í nágrannalöndunum. Þótt sjóðirnir nýti sér einnig aðra fjárfestingarkosti, einkum innlend og erlend hlutabréf, eru því takmörk sett hve mikið vægi þær fjárfestingar geta haft, enda eignastýring sjóðanna mjög varfærin.

Í öðru lagi hefur skattlagning fjármagnstekna komið mjög illa við sjóðina. Sjóðirnir eru almennt undanþegnir greiðslu tekjuskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þetta var mjög mikilvæg ívilnun á sínum tíma, en ávinningurinn af henni hefur því miður farið fyrir lítið eftir að fjármagnstekjuskattur var innleiddur þar sem sjóðirnir hafa ekki verið undanþegnir honum. Að því leyti hafa styrktarsjóðir staðið mun verr en lífeyrissjóðir sem eru undanþegnir bæði tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti. Verður nánast að líta á það sem mistök af hálfu löggjafans að viðhalda ekki skattfrelsi styrktarsjóða, sem byggði á langri hefð, þegar innheimta fjármagnstekjuskatts hófst.

Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að umræddum sjóðum er almennt ætlað að viðhalda getu sinni til að úthluta styrkjum til framtíðar. Af því leiðir að það eru fyrst og fremst tekjur sjóðanna sem koma til

úthlutunar í formi styrkja en ekki höfuðstóll. Skattlagning fjármagnstekna skerðir því verulega möguleika sjóðanna til styrkjaúthlutunar.

Byrði styrktarsjóðanna vegna fjármagnstekjuskatts hefur þyngst mjög undanfarin ár þar sem skatturinn hefur hækkað til muna sem hlutfall af raunávöxtun sjóðanna. Raunverulegt skatthlutfall hefur þannig hækkað mjög mikið undanfarin ár.

Þessu til viðbótar er rétt að vekja athygli á því að styrkveitingar úr sjóðunum eru skattlagðar að fullu hjá viðtakanda að því marki sem þær eru umfram skattleysismörk. Af þessu leiðir að styrkirnir nýtast mun verr en ella til þess að framfleyta námsmönnum. Samanlögð áhrif innheimtu fjármagnstekjuskatts á sjóðina og tekjuskatts og útsvars á styrkþega eru mjög mikil. Ef sjóðirnir greiða t.d. helming fjármagnstekjuskatt af raunávöxtun og styrkþegar fjórðungsskatt af styrkjum þá nýtist aðeins rétt rúmur þriðjungur af raunávöxtun sjóðanna til framfærslu styrkþega, annað rennur til ríkis og sveitarfélaga.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt er heimild til handa lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri til þess að draga frá tekjum sem stafa af atvinnurekstri einstakar gjafir og framlög til vísindalegra rannsóknarstarfa, þó að hámarki 0,75% af tekjum. Hækkun þessa hlutfalls í 1,5%, líkt og lagt er til í frumvarpinu, væri mjög til bóta.


Einstaklingar utan atvinnurekstrar hafa þó ekki sambærilegar frádráttarheimildir og þær eru ekki lagðar til í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Háskóla Íslands þykir rétt að benda á að samkvæmt úttekt stjórnar styrktarsjóðanna og Deloitte njóta einstaklingar á öllum hinum Norðurlöndunum (að Svíþjóð frátalinni) auk Bretlands og Bandaríkjanna að einhverju marki frádráttar frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga. Ísland er því eftirbátur hinna landanna þegar kemur að því að skapa skattalega hvata til þess að gefa til góðgerðarmála. Gjafir frá einstaklingum eru mikilvægur tekjuliður í starfsemi háskóla í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Í ljósi alls þessa styður Háskóli Íslands þetta frumvarp og telur það í alla staði til bóta. Sérstaklega er mikið hagsmunamál fyrir styrktarsjóði skólans að fá undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts. Háskólinn vill þó jafnframt hvetja til þess að tekin verði til endurskoðunar skattlagning þiggjenda styrkja sem veittir eru til framfærslu nemenda og að skoðað verði að veita skattalega hvata til einstaklinga sem gefa til góðgerðarmála.

Virðingarfyllst,  
  
Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands



**Deloitte.**



## **Háskóli Íslands**

Skattlagning gjafa og framlaga til  
viðurkenndrar góðgerðarstarfsemi  
og vísindalegra rannsóknarstarfa

Febrúar 2018

Háskóli Íslands  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

---

**Deloitte ehf.**

Smáratorg 3  
201 Kópavogur  
Ísland  
Sími: +354 580 3000  
Fax: +354 580 3001  
[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Deloitte ehf. hefur tekið saman fyrir Háskóla Íslands samanburð, á Norðurlöndunum ásamt Bretlandi og Bandaríkjunum, á heimildum einstaklinga og/eða lögaðila til þess að færa til frádráttar á móti tekjum sínum gjafir eða framlög til góðgerðarstarfsemi, menningarmála eða vísindalegra rannsóknarstarfa. Einnig var gerður samanburður á skattlagningu tekna styrktarsjóða ásamt því að taka saman upplýsingar um skattlagningu styrkþega, m.t.t. styrkveitinga til doktorsnema, og hvort veittar séu undanþágur frá virðisaukaskatti hjá styrktarsjóðum. Þá hefur Deloitte aflað upplýsinga um framlög sem veitt hafa verið til líknarmála á árunum 2009-2015.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir ofangreinda þætti byggt á þeim upplýsingum sem við höfum aðgang að. Fyrir frekari spurningar vinsamlegast hafið samband við Sigurð Pál Hauksson, forstjóra, ([sigurdur.pall.hauksson@deloitte.is](mailto:sigurdur.pall.hauksson@deloitte.is)) eða Bjarna Þór Bjarnason, sviðsstjóra Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte ([bjarni.thor.bjarnason@deloitte.is](mailto:bjarni.thor.bjarnason@deloitte.is)).

# Frádráttur frá tekjum lögaðila og/eða einstaklinga



## Ísland

- Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri takmarkast við 0,75% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent.
- Gjafir eða framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar góðgerðarstarfsemi, menningarmála, stjórnmalaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ráðherra ákveður með reglugerð hvað fellur undir þessa flokka.
- Dæmi: Íslenskt félag með brúttó tekjur 100.000.000 kr. fær frádrátt upp á 750.000 kr.
- Enginn frádráttur fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar.
- **Þingmannafrumvarp í mars 2017** um breytingu á lögum um tekjuskatt gerir ráð fyrir að frádráttur lögaðila hækki í 1%. Jafnframt er lagt til að eintaklingar fá heimild til frádráttar vegna gjafa sem nema að lágmarki kr. 50.000.



## Noregur

- Frádráttur **lögaðila** og **einstaklinga** takmarkast við NOK 30,000 (um 370.000 ISK) á ári.
- Góðgerðarstarfsemi þarf að vera fyrirfram samþykkt af norskum skattfyrvöldum.
- Lágmarksframlag þarf að vera NOK 500 (um 6.000 ISK).



## Svíþjóð

- Hvorki lögaðilum né einstaklingum er heimilaður frádráttur.



# Frádráttur frá tekjum lögaðila og/eða einstaklinga



## Danmörk

- Sérstök lög um söfnun sjóða (d. *Lov om indsamling*).
- Almenn framlag til góðgerðarstarfsemi: Frádráttur **lögaðila** og **einstaklinga** takmarkast við DKK 15.600 (um 240.000 ISK) á árinu 2017.
- Mánaðarlegur styrkur: Sérstakar reglur gilda um fastar mánaðarlegar greiðslur til tiltekinna samtaka og trúarfélaga. Ekki hægt að hætta greiðslum án fyrirvara. Framlag má ekki vera umfram 15% af tekjum.
- **Framlag lögaðila til rannsókna**: er að fullu frádráttarbært. Skilyrði að viðurkennd góðgerðarstarfsemi sé móttakandi gjafarinnar, góðgerðarstarfsemin sé heimilisföst í Danmörku / EU / EES, og að gjöfin sé notuð til rannsókna. Gjöfin þarf að vera tilkynnt til skattyfirvalda. Engin takmörk á fjárhæðinni en litið er til þess hvort slík gjöf geti talist eðlileg út frá stærð og umfangi félags. Gildir ekki um tengda aðila.
- Dönsk skattyfirvöld gefa út lista yfir góðgerðarstarfsemi sem hefur verið samþykkt.



## Finnland

- Sérstök lög um söfnun sjóða (e. *Money Collection Act*).
- Frádráttur **lögaðila** er heimilaður:
  - fyrir framlag á bilinu EUR 850-250,000 (um 100.000-30.000.000 ISK) og veitt til **menntastofnunar** (e. *university or other higher educational institution*) í Finnlandi / innan EES, til þess að styrkja vísindi, list eða finnskan menningararf.
  - fyrir framlag á bilinu EUR 850-50,000 (um 100.000-6.000.000 ISK) og veitt til viðurkenndrar góðgerðarstarfsemi innan Finnlands / EES, til þess að styrkja vísindi, list eða finnskan menningararf. Góðgerðarstarfsemin þarf að vera viðurkennd af finnskum skattyfirvöldum.
  - Fyrir almennt framlag til góðgerðarstarfsemi, allt að EUR 850 (um 100.000 ISK).
- **Einstaklingum** og **dánarbúum** er heimilaður frádráttur vegna framlaga á bilinu EUR 850-500.000 (um 100.000-60.000.000 ISK) til þróunar vísinda eða listar. Skilyrði fyrir frádrætti er að framlag sé veitt til háskóla með opinbera fjármögnun á EES svæðinu eða tengdum háskólasjóði. Tilgangur ákvæðisins er að styrkja stöðu opinbera háskóla gegn einkareknum háskólum.

# Frádráttur frá tekjum lögaðila og/eða einstaklinga



## Bretland

- Frádráttur **lögaðila** (e. *limited company*) er heimilaður vegna fjárframlags, gjafa á búnaði, eignum, o.þ.h. til góðgerðarstarfsemi.
- Til þess að heyra undir reglurnar þarf félagið að vera viðurkennt af HMRC (HM Revenue and Customs) og að sækja sérstaklega um frádráttarheimild (e. *tax relief*).
- Frádráttur **einstaklinga** og **annarra félagaforma** (e. *sole traders / partnerships*) er heimilaður.
- Til þess að teljast góðgerðarstarfsemi þarf starfsemi að vera viðurkennd og til almannaheilla, þar undir fellur m.a. menntun.
  
- Fjárframlag lögaðila: Almennt er hægt að draga frá hagnaði lögaðilans fjárframlag til góðgerðarstarfsemi.
- Frádrátturinn getur ekki myndað tap hjá lögaðilanum.
- Greiðslur sem teljast ekki frádráttarbærar:
  - lán sem verða endurgreidd af góðgerðarstofnun
  - skilyrtar greiðslur um að góðgerðarstofnun kaupi eign frá félaginu eða tengdum aðila
  - greiðslur sem eru bundnar hagnaði félagsins, t.d. arður.
- Öll fríðindi sem félagið fær fyrir fjárframlag sitt þurfa að vera undir ákveðnu andvirði, t.d. aðgangsmiðar á íþróttaviðburði.
- Notaður búnaður: Hægt að setja kostnað vegna gefins notaðs búnaðar fullan frádrátt af rekstrarkostnaði (e. *full capital allowances*).
- Til þess að heyra undir reglurnar þarf búnaðurinn að hafa verið notaður af félaginu, t.d. skrifstofubúnaður, tölvur, prentarar, bílar o.s.frv.

# Frádráttur frá tekjum lögaðila og/eða einstaklinga



## Bandaríkin

- **Einstaklingum** heimilaður allt að 50% frádráttur af tekjum (e. *adjusted gross income*).
- **Lögaðilum** er heimilaður allt að 10% frádráttur af tekjum ársins.
- Sé framlag umfram 10% af tekjum félagsins er heimilt að færa til frádráttar allt að 10% á ári næstu 5 árin á eftir. Ekki er heimilt að færa slíkan frádrátt að því marki sem hann myndar rekstrartap hjá félaginu.
- Gjöf má ekki vera til hagsbótar hluthafa lögaðilans eða tengdra aðila.
- Gjöf eða framlag þarf að vera til viðurkenndrar góðgerðarstarfsemi eða stofnana.
- Góðgerðarstarfsemi og stofnanir þurfa að sækja um að verða viðurkenndar af bandarískum skattyfirvöldum.

# Skattlagning tekna hjá góðgerðarstarfsemi



## Ísland

- Íslenskir lögaðilar sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum eru undanþegnir greiðslu tekjuskatts.
- Góðgerðarstarfsemi er ekki undanþegin greiðslu fjármagnstekjuskatts.
- Aðilar sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts eru m.a. LÍN, Íbúðarlánasjóður, Seðlabanki Íslands, ásamt lífeyrissjóðum o.fl.



## Noregur

- Góðgerðarstarfsemi (e. non-profit entity/ foundations/ legal persons) er almennt undanþegin skattskyldu tekjuskatts og fjármangstekjuskatts.
- Lögaðilar sem verja hagnaði sínum til almenningsheilla og eru ekki reknir í hagnaðar- eða atvinnuskyni geta talist góðgerðarstarfsemi.
- Ef tekjur góðgerðarstarfsemi fara umfram 140.000 NOK þá þarf að sundurgreina starfsemina eftir því hvort tekjurnar eru vegna góðgerðarstarfsemi eða atvinnustarfsemi.
- Sú stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstarfsemi er að fullu skattskyld.
- Ákvæði norsku laganna taka til allra tekna, þ.m.t. vaxtatekna og annarra fjármagnstekna.



## Svíþjóð

- Góðgerðarstarfsemi (e. non-profit foundations) er aðeins almennt aðeins skattskyld vegna tekna sem má rekja til atvinnustarfsemi.
- Stafsemi sem fellur undir góðgerðarstarfsemi er því skattfrjáls.
- Tekjur, vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur eru því skattfrjálsar ef þær má rekja til góðgerðarstarfsemi.
- Tekjur vegna fasteigna eru undanskildar.
- Undir góðgerðarstarfsemi heyra t.d. samtök sem stuðla að vísindarannsóknum.

# Skattlagning tekna hjá góðgerðarstarfsemi



## Danmörk

- Góðgerðarstarfsemi (e. non-profit entity/ foundations / associations) er almennt undanþegin skattskyldu tekjuskatts og fjármangstekjuskatts.
- Lögaðilar sem verja hagnaði sínum til almenningsheilla og eru ekki reknir í hagnaðar- eða atvinnuskyni geta talist góðgerðarstarfsemi.
- Sú stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstarfsemi er að fullu skattskyld.
- Ákvæði dönsku laganna taka til allra tekna, þ.m.t. vaxtatekna og annarra fjármagnstekna.
- Tekjur vegna fasteigna eru almennt undanskildar.



## Finnland

- Góðgerðarstarfsemi (e. non-profit entity/ foundations / associations) er almennt undanþegin skattskyldu tekjuskatts og fjármangstekjuskatts.
- Lögaðilar sem verja hagnaði sínum til almenningsheilla og eru ekki reknir í hagnaðar- eða atvinnuskyni geta talist góðgerðarstarfsemi. Við mat á því hvort sjóður er góðgerðarstarfsemi er m.a. litið til þess hvort félag sé rekið í hagnaðarskyni eða í samkeppni.
- Sú stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstarfsemi er að fullu skattskyld.
- Ákvæði finnsku laganna taka til allra tekna, þ.m.t. vaxtatekna og annarra fjármagnstekna.
- Tekjur vegna fasteigna sem tengjast góðgerðarstarfseminni geta verið undanþegnar skatti.

# Skattlagning tekna hjá góðgerðarstarfsemi



## Bretland

- Góðgerðarstarfsemi þarf að vera viðurkennd af HM Revenue and Customs.
- Góðgerðarstarfsemi er almennt undanþegin skattskyldu tekjuskatts og fjármangstekjuskatts.
- Sú stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstarfsemi er að fullu skattskyld.
- Ákvæði bresku laganna taka til allra tekna, þ.m.t. vaxtatekna og annarra fjármagnstekna.
- Hægt að framvísa staðfestingu í banka svo fjármagnstekjuskattur sé ekki greiddur af vöxtum, eða sækja um endurgreiðslu.



## Bandaríkin

- Góðgerðarstarfsemi er almennt undanþegin skattskyldu tekjuskatts og fjármangstekjuskatts.
- Þarf að sækja um staðfestingu skattyfirvalda til að vera undanþegin.
- Sú stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstarfsemi er að fullu skattskyld.

# Styrkir til doktorsnema

---

## Ísland

- Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa eru skattskyldar tekjur. Heimilt að færa til frádráttar beinan kostnað við námið, s.s. skólagjöld, en ekki kostnað við framfærslu sem telst vera persónulegur kostnaður. Óheimilt er að færa kostnað vegna kaupa á eignum til frádráttar.
- Á móti styrkjum til rannsókna og vísindastarfa er heimilt að færa beinan kostnað við hvert verkefni. Oft er um að ræða styrki vegna tiltekinna lengri og umsvifameiri verkefna sem eru þá gerð upp eins og rekstur.

## Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Bandaríkin

- Styrkir eru skattlagðir með sambærilegum hætti og á Íslandi.

---

## Finnland

- Styrkir til doktorsnema geta verið skattfrjálsir ef ekki er hægt að líta á þá sem laun fyrir vinnu.
- Styrkur er skattfrjálss ef hann er gefinn til rannsókna frá hinu opinbera (menntamálaráðuneytið, o.fl.).
- Styrkir frá öðrum aðilum geta verið skattfrjálsir að því leyti sem þeir fara ekki umfram EUR 20.309,40 (árið 2017).
- Hámarkið nær yfir samtölu allra móttækinna styrkja en ekki hvers og eins.

---

## Bretland

- Styrkir almennt ekki skattlagðir nema þeir séu frá einkareknum fyrirtækjum sem svipar til launa.
- Doktorsnemar (Phd/Post graduate) geta fengið styrki sem laun (e. stipend) sem eru skattfrjáls.

# Virðisaukaskattur

---

## Virðisaukaskattur

- Á Íslandi er góðgerðarstarfsemi undanþegin VSK ef hagnaður rennur til góðgerðarmála, sbr. 5. mgr. 2. gr. VSKL.
- Skilyrði fyrir undanþágu er að starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagslegri áhættu aðila og hann hafi fengið staðfestingu ríkisskattstjóra um að framangreind skilyrði séu uppfyllt.
- Eftirtalin starfsemi telst góðgerðarstarfsemi samkvæmt ákvæðinu:
  1. basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala góðgerðarféлага, enda vari starfsemin ekki lengur en í þrjá daga í hverjum mánuði eða í fimmtán daga sé um árlegan atburð að ræða,
  2. söfnun og sala verðlítilla notaðra muna, enda sé einungis selt til skattskyldra aðila,
  3. sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið afhenta án endurgjalds.
- Öll löndin með sambærilegar reglur um að ákveðin smásala tengd góðgerðarstarfsemi eða sala á viðburði sé undanþegin VSK.
- Ef sala tengist atvinnurekstri er hún ekki undanþegin VSK.
- Virðisaukaskattur af tækjagjöfum er skattlagður með sambærilegum hætti hjá þessum löndum.
  - 2. mgr. 8. gr. vskl.: „Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggja slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbættri þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.“
- Bretland er með undanþágur til góðgerðarstarfsemi í heilbrigðismálum og í einhverjum fylkjum Bandaríkjanna eru undanþágur frá söluskatti.



## Gjafir og framlög 2009-2015

Tekjuár	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Gjafir og framlög	1.453	1.502	1.917	2.395	2.569	2.757	3.695
Gjafir og framlög til stjórnmaflokka	42	47	51	76	140	59	80
Samtals	1.495	1.548	1.968	2.471	2.710	2.816	3.775

\*Upphæðir í milljónum króna

\*\*Upplýsingarnar byggja á skattframtölum rekstraraðila, RSK 1.04 og miðast þær við stöðu álagningargagna 15. júní 2017.

# Lykilniðurstöður og tillögur að breytingum á skattlagningu gjafa og framlaga á Íslandi

Af þeim löndum sem skoðuð voru er aðeins Svíþjóð sem veitir engan frádrátt. Önnur lönd sem voru skoðuð veita frádrátt vegna gjafa eða framlaga til góðgerðarstarfsemi, rannsóknarstarfa eða menntunarmála.


Það sem er sameiginlegt með regluverki á milli landa sem veita heimild til frádráttar er að:

- Aðeins er veittur frádráttur til góðgerðarstarfsemi eða stofnana sem eru viðurkenndar af skattyfirvöldum.
- Háskólar falla almennt undir góðgerðarstarfsemi.
- Frádráttur getur ekki myndað rekstrartap hjá lögaðilum.

Danmörk, Bretland og Bandaríkin eru með ítarlegt regluverk um gjafir og framlög til góðgerðarstarfsemi.

Tillögur að breytingum á skattlagningu gjafa og framlaga:

- Veita lögaðilum heimild til fulls frádráttar vegna gjafa eða framlaga til rannsóknarstarfa.
- Veita lögaðilum heimild til frádráttar t.d. 10% af heildartekjum ársins, árlega í 5-10 ár vegna gjafa eða framlaga til góðgerðarstarfsemi eða til háskóla.
- Frádráttur getur ekki myndað rekstrartap hjá lögaðilum.
- Veita einstaklingum frádráttarheimild?



# Lykilniðurstöður

Í öllum löndunum er góðgerðarstafsemi undanþegin skattskyldu tekjuskatts.

**Af þeim löndum sem skoðuð voru er Ísland eina landið sem undanþiggur góðgerðarstafsemi ekki frá greiðslu fjármangstekjuskatts.**

Það sem er sameiginlegt með regluverki á milli landa sem veita undanþáguna er:

- Góðgerðarstafsemi þarf að vera viðurkennd af skattyfirvöldum.
- Háskólar falla almennt undir góðgerðarstafsemi.
- Sú takmarkaða stafsemi sem fellur ekki undir góðgerðarstafsemi er að fullu skattskyld.

Kröfur um félagiform misjafnt á milli landa. Sjóðir og samtök algengasta félagiformið.

Ýmist exit skattur við slit eða skattlagning við breytingu á stafsemi.

Reglur á Íslandi eru að öðru leyti í samræmi við þau lönd sem voru skoðuð, þ.e. með tilliti til VSK, erfðafjárskatts og styrkveitinga til doktorsnema.

Bretland og Finnland eru með sérstakar reglur um styrkveitingar til nema.

# Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 245.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu.

17.12.2020.

342. mál á 151. Löggjafarþingi, Breyting á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

Umsagnarbeiðni nr. 11352. Hjálparstarf kirkjunnar.

Umsögn frá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar vill koma á framfæri þeirri almennu ábendingu að það væri til mikilla bóta fyrir almannaheillafélög sem ekki eru mikið í því að byggja og nýta því ekki þann möguleika að fá virðisaukaskatt af vinnu við mannvirkja gerð, að geta fengið að nýta innskatt vsk vegna keyptrar ráðgjafar, markaðsþjónustu, framleiðsu kynningarefnis og fjáröflunar, auk annarrar þjónustu sem nýtist í að tryggja rekstrargrundvöll og miðla upplýsingum til almennings og hagsmunaaðila. Með þessu væru auknir skattalegir hvatar til allra aðila í þriðja geiranum en ekki bara til þeirra sem standa að mannvirkjagerð.

Kveðja,

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Bjarni Gíslason

Framkvæmdastjóri / ICA Director

☎ 354 528 4402 / 896 3898 / [bjarni@help.is](mailto:bjarni@help.is) / 🌐 help.is





Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8.2.2021

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þskj. 416-342. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International fagnar fyrirhuguðum breytingum á lögum í þeim tilgangi að skapa skattalega hvata fyrir lögaðila og einstaklinga til að styrkja og efla starfsemi almannaheillafélaga.

Þess ber að geta að Íslandsdeild Amnesty International barst ekki umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd vegna málsins og hafði því knappan tíma til að vinna þessa umsögn.

Íslandsdeild Amnesty International tekur undir umsögn Barnaheilla í meginatriðum. Svo sem eftirfarandi:

„Barnaheill styðja þær hugmyndir sem fram eru komnar um breytingar á lögum og um þær leiðir sem lagðar eru til. Samtökin hvetja þó Alþingi til að stíga skrefinu lengra í því að veita almannaheillafélögum undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts, með því að undanskilja alfarið, ekki einungis tímabundið, hvers kyns sölu á varningi eða þjónustu almannaheillafélaga frá greiðslu virðisaukaskatts þar sem gera má ráð fyrir að sala sem fram fer á vegum almannaheillafélaga sé gerð í fjáröflunartilgangi en ekki í hagnaðarskyni.“

Samtökin taka einnig undir umsögn Barnaheilla er varðar endurgreiðslu innskatts og telur ákjósanlegt að úrræðið væri útfært með þeim hætti að almannaheillafélögum yrði endurgreiddur innskattur sem greiddur er við kaup á ýmissi annarri þjónustu, ekki einungis vegna mannvirkjagerðar.

Íslandsdeild Amnesty International telur þó að ekki sé vænlegt að takmarka lögini með þeim hætti sem gert er í 1. gr. frumvarpsins þar sem upptalningin er ekki tæmandi yfir starfsemi þeirra lögaðila sem starfa til almannaheilla og falla undir þriðja geirann. Slík flokkun á starfsemi getur valdið ómálefnanlegri útilokun í ljósi þess að markmið frumvarpsins er að efla og auka skattalega hvata til þeirra lögaðila í þriðja geiranum sem starfa til almannaheilla og einstaklinga og fyrirtækja sem ákveða að leggja starfinu lið með gjöfum eða fjárframlögum.

Virðingarfyllst,

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2020

**Efni:** Umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 416, 342. mál

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkomnu frumvarpi enda afar mikilvægir og miklir hagsmunir í húfi fyrir íþróttahreyfinguna í landinu.

Íþróttahreyfingin reiðir sig mikið á styrki, gjafir og fjárframlög frá einstaklingum, sem og lögaðilum í landinu, til að sinna ýmsum samfélagslegum verkefnum, meðal annars í formi lýðheilsu og forvarnarstarfs. Fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni er því um að ræða mikið hagsmunamál að styrkir, gjafir eða önnur fjárframlög séu frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri eða utan hans.

ÍSí telur að með frumvarpinu sé kominn aukinn hvati fyrir einstaklinga og lögaðila til þess að styrkja íþróttahreyfinguna og önnur félög sem reiða sig á sjálfböðastarf.

Þá hefur frumvarpið að geyma aðrar skattalegar ívilnanir og undanþágur sem hafa jákvæð áhrif á skattalegar skyldur íþróttahreyfingarinnar. ÍSí fagnar umræddum breytingum enda koma þær til góðs fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni.

ÍSí fagnar aðgerðum stjórnvalda sem bæta rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Fulltrúar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands eru tilbúnir til að funda með efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við málið, ef þess er óskað.

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

  
Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri





Reykjavík, 17. desember 2020

## Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

### Erindi: Umsögn við þingskjal 416 – 342. mál.

**Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld lögaðila sem starfa til almannaheilla.**

KFUM og KFUK á Íslandi fagnar frumvarpinu og telur það fela í sér mikilvægt og tímabært skref til að styrkja og efla skattalegt umhverfi félaga sem starfa til almannaheilla. Í frumvarpinu fellst einnig viðurkenning löggjafans á því mikilvæga hlutverki sem félög til almannaheilla sinna í íslensku samfélagi og því óeigingjarna starfi sem oftast er ekki af sjálfbodaliðum.

### Ein athugasemd

Sá liður sem við stöldrum við snýr að endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingu eða endurbótum húsnæðis. Vissulega munar um að lögaðilum sem starfa til almannaheilla verði gert kleift að óska eftir 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum, en við teljum bæði sanngjarnt og mikilvægt að ganga enn lengra.

Aukin vitund er í samfélaginu að vanræksla á viðhaldi húsnæðis er alvarlegt mál sem getur ógnað öryggi og heilsu þeirra sem þar dvelja. Þá eru meiri kröfur gerðar í dag til gæða, öryggis og aðgengismála húsnæðis til almannaheilla, en gerðar voru þegar mörg húsanna voru byggð. Mikilvægt er að styðja við félög sem starfa til almannaheilla, að uppfæra eldri byggingar og standa vel að viðhaldi húsnæðis í þeirra eigu og nýtt eru undir óhagnaðardrífna starfsemi þeirra.

Við teljum mikilvægt að gluggi sé til staðar í lögum um virðisaukaskatt, svo félagasamtök til almannaheilla sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir starf til almannaheilla, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis, bæði af vinnuliðum og efniskaupum.

### Dæmi:

KFUM og KFUK starfrækja fimm sumarbúðir og þrjú félagsheimili. Þetta eru alls 18 húseignir sem byggðar hafa verið á síðustu 70 árum, að stærstum hluta fyrir gjafafé og eru eingöngu nýttar undir starf til almannaheilla. Endurnýjun og viðhald þeirra er að mestu borið uppi af sjálfbodaliðum og verður fyrirferðameiri útgjaldaliður í starfseminni með hverju ári.

Hér eru tvö dæmi: Heilbrigðiseftirlitið gerir athugasemdir við nokkur atriði í Kaldárseli. Nauðsynlegar úrbætur verða umfangsmeiri en séð var í fyrstu. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á rúmar 17 milljónir og rúmar 4 milljónir að auki í virðisaukaskatt. Samtals 21 milljón. Stjórn Kaldársels hefur um 12 milljónir í sjóði, en þarf að safna fyrst 5 milljónum og síðan 4 milljónum í virðisaukaskatt.



Matskálinn í Vatnaskógi sem byggður var fyrir rúmum 50 árum uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar byggingar í dag. Af 190 milljón kr. kostnaðaráætlun við nýjan matskála þarf að gera ráð fyrir 38 milljónum í virðisaukaskatt.

Ábyrgð á báðum þessum verkefnum og fjáröflun til að kosta þau hvílir alfarið á sjálfbodaliðum í stjórnnum viðkomandi sumarbúða.

Rétt er að minna á að þar sem starfsemi KFUM og KFUK er undanþegin virðisaukaskatti (til dæmis leggst ekki virðisaukaskattur á dvalargjald í sumarbúðum) geta samtökin ekki jafnað innskatt og útskatt virðisaukaskatts. Þegar kemur að framkvæmdum á húsnæði, hvort sem er viðhaldi eða nýbyggingu, bera KFUM og KFUK, sem og önnur sambærileg samtök, því alfarið kostnaðinn við virðisaukaskatt.

Við fögnum og þökkum fyrir það skref sem verið er að taka. En á sama tíma teljum við ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsáðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðarfélögum og eingöngu nýtt til almannaheilla, til fjáröflunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er. Á það jafnt við hvort sem kostnaðurinn kallast vinnuliðir eða efniskaup. Með því er ríkissjóður að íþyngja krefjandi góðgerðarstarfi til almannaheilla, sem öllu jafna hvílir á herðum sjálfbodaliða.

Virðingarfyllst,  
f.h. KFUM og KFUK á Íslandi



---

Tómas Torfason  
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi  
tomas@kfum.is  
Sími 896 3199



## Krabbameinsfélagið

Efnahags- og viðskiptanefnd  
nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2021


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 342. mál.**

Krabbameinsfélag Íslands fagnar þeim tímabæru breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögnum. Breytingarnar munu án efa hafa jákvæð áhrif og efla þriðja geirann í sínum mikilvægu störfum til almannaheilla.

Í síðustu málsgrein 8. greinar frumvarpsins er fjallað um að verði breyting á forsendum endurgreiðslu virðisaukaskatts innan 10 ára frá því að framkvæmd fór fram, skuli félag leiðrétt virðisaukaskatt og endurgreiða ríkissjóði.

Krabbameinsfélagið ítrekar þá tillögu, sem áður var send inn í samráðsgátt stjórnvalda að að tímabilið frá því að framkvæmd fór fram og þar til þær breytingar verða sem geta kallað á endurgreiðslu, verði stytt í fimm ár. Endurgreiðsla félaga til ríkissjóðs verði ekki að fullu allan þann tíma, heldur reiknist hlutfallslega miðað við fimm ár.

Virðingarfyllst,  
f.h. Krabbameinsfélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir  
framkvæmdastjóri


8. febrúar 2021  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Þingskjal 416, 342. mál, 151. löggjafarþing.**

Kvenréttindafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla. Almannaheillasamtök gegna veigamiklu hlutverki í samfélagi okkar, stuðla að bættri stöðu borgaranna og efla lýðræðið. Þetta frumvarp er bragarbót í málefnum þriðja geirans og mun koma til með að styrkja stöðu þeirra og efla starfsemi þeirra okkur öllum í hag.

Kvenréttindafélag Íslands leggur þó til að það verði gert skýrt að samtök sem berjast fyrir réttindum fólks sem af ýmsum ástæðum er jaðarsett í samfélaginu falli undir þessa löggjöf.

Í málslið b. í fyrstu grein frumvarpsins er talin upp sú starfsemi sem telst til almannaheilla, en ekki er augljóst að þar falli undir félög sem berjast fyrir t.d. réttindum kvenna, hinsegin fólks, fatlaðs fólks, innflytjenda og fleiri. Leggur Kvenréttindafélag Íslands til að við þessa upptalningu verði bætt við „starfsemi í þágu jafnréttis“.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



Landssamtökin

**Proskahjálp**

*Mannréttindi fyrir alla!*

## **Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar<sup>1</sup> um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 342. mál.**

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd og Alþingi varðandi það.

Samtökin fagna frumvarpinu og styðja það. Þau vilja þó benda á að í frumvarpinu er einungis kveðið á um að almannaheillafélög geti nýtt hluta virðisaukaskatts sem kemur til vegna mannvirkjagerðar, byggingar húsnæðis og þess háttar. Samtökum eins og þroskahjálp myndi gagnast mikið að fá að nýta innskatt virðisaukaskatts vegna keyptrar ráðgjafar, markaðsþjónustu, framleiðslu kynningarefnis og fjáröflunar auk annarrar þjónustu sem er samtökunum nauðsynleg til að tryggja rekstrargrundvöll og starfsemi þeirra og til að geta miðlað mikilvægum upplýsingum varðandi aðstæður, þarfir og réttindi fatlaðs fólks til stjórnvalda og almennings.

Virðingarfyllst.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar.

---

<sup>1</sup> Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína og starf á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn. Samtökin fjármagna starfsemi sína að langmestu leyti með framlögum frá einstaklingum.



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík 11 February 2021

Umsögn um frumvarp fjármálaráðherra

## um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla).<sup>1</sup>

Frumvarp þetta vekur mikla furðu meðal náttúruverndarfólks. Í 1. gr. frumvarpsins segir:

Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 4. gr. laganna:

- a) Í stað orðsins „almenningsheilla“ kemur: almannaheilla.
- b) Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eftirtalin starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt tölulíðnum:
  - a) mannúðar- og líknarstarfsemi,
  - b) æskulýðs- og menningarmálastarfsemi, þ.m.t. íþróttastarfsemi,
  - c) starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
  - d) vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
  - e) starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
  - f) neytenda- og forvarnarstarfsemi og
  - g) starfsemi Þjóðkirkjunnar, Þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands fagnar þessu frumvarpi en benda á að hugtakið almannaheill eða samtök sem starfa að almannaheill er ekki skilgreint í frumvarpinu fyrir utan þá upptalningu sem lesa má í 1. gr. frumvarpsins.

Stjórn Náttúruverndarsamtakanna beinir því til nefndarmanna að bætt verði við listann í 1. gr. 14. lið, 5gr. [laga nr.60 2013](#), „Náttúru- og umhverfisverndarsamtök: Samtök sem hafa náttúru- og umhverfisvernd að meginmarkmiði.“

---

<sup>1</sup> Sic.

Starfsemi náttúru og umhverfisverndarsamtaka flokkast sannarlega undir almannheill.

Í greinargerð segir um 1. gr.:

Í b-lið er greint frá þeirri starfsemi sem telst til almannaheilla samkvæmt töluliðnum. Sú starfsemi sem fellur undir hugtakið almannaheill er tæmandi talin í töluliðnum“ og er síðan hvað falli undir hugtakið. Þar er fyrst talin „mannúðar- og líknarstarfsemi.“ Þá segir að „undir hugtakið almannaheill falli æskulýðs- og menningarmálastarfsemi, þ.m.t. íþróttastarfsemi.“ Lagt er til að undir almannheill falli einnig „starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna.“ Einnig segir að undir hugtakið falli „vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur sem slík starfsemi er á sviði hug- eða raunvísinda“. Næst er það „starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða“. Ekki má gleyma „starfsemi þeirra lögaðila sem hafa með höndum neytenda- og forvarnarstarfsemi.“ Síðast en ekki síst er það „starfsemi Þjóðkirkjunnar og starfsemi þjóðkirkjusafnaða hér á landi“ og ennfremur „skráð trú- og lífsskoðunarfélög“.

Hvaða forsendur liggja til grundvallar ofangreindum lista? Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu 2. desember sl. bætti hann við þetta: „Samhliða er lögð til orðalagsbreyting með hliðsjón af þeim breytingum sem lögfestar voru í sumar með lögum nr. 86/2020, um frádrátt vegna aðgerða í rekstri til kolefnisjöfnunar, svo sem fjárframlög til skógræktar, uppgræðslustarfa og endurheimtar votlendis.“

Við umræður um frumvarpið (Sjá Viðauka I) sagði fjármálaráðherra:

Ég teldi það hins vegar ekki í samræmi við markmið laganna að fara að tevgja einstaka töluliði yfir einhver átaksmál í samfélaginu sem eru eingöngu til þess hugsuð að vinna að framgangi einhverra pólitískra hugðarefna.

Þar kom hin neikvæða skilgreining: Samtök sem hafa á stefnuskrá sinni mál sem deilt er um falla ekki undir þetta frumvarp, að mati fjármálaráðherra. Væntanlega á hann við samtök sem mæla fyrir árangursríkari aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum. Eða samtök sem telja heill hins almenna ekki felast í frekari eyðileggingu víðerna Hálandisins; samtök sem vilja að þjóðgarður á miðhálandinu sé besta nýtingin á þeim auðæfum sem þar er að finna. Allt umdeilanleg mál í skilningi samtímans en stjórn Náttúruverndarsamtakanna minnir á að Vatnajökulsþjóðgarður er nú á heimsminjaskrá UNESCO, öllum til heilla.

Vert er að minna á grein sem Vaclav Havel (lést 2011) – [Hið borgaralega samfélag og hinir nýju andstæðingar þess](#) - skrifaði og birtist í Morgunblaðinu 15. júní árið 2000. Þar sagði Havel:

Margir túlka trúna á borgaralegt lýðræði ennþá sem vinstristefnu, anarkisma eða sindikalisma; sumir hafa jafnvel kallað hana frum-fasisma. En á bak við þá röksemdafærslu að borgaralegt samfélag sé árás á stjórnmalakerfið liggur sú almenna afstaða valdhafa að vilja ekki deila völdunum með öðrum. Það er rétt eins og flokkarnir segi: "Það er okkar mál að stjórna, kjósið því á milli okkar og látið ykkur það nægja." Þvílík rökleysa: stjórnmalaflokkar og lýðræðislegar stofnanir gefast því aðeins vel að þær sækji styrk og innblástur til þróaðs fjölræðs borgaralegs umhverfis og séu ennfremur gagnrýndar af þessu sama umhverfi. Tilgangurinn með borgaralegu samfélagi er ekki sá að fara í kringum þingið eða stjórnmalaflokkana: Borgaralegt

samfélag miðar að því að gera þingi og stjórnmalaflokkum kleift að starfa eftir bestu getu. Án þeirrar lífsorku sem fjölbreytt borgaralegt samfélag veitir bæði stjórnmalaflokkum og pólitískum stofnunum mun öll hugvitssemi hverfa á braut og flokkarnir og stofnanirnar að lokum verða lítið annað en grámyglulegur og lokaður hópur atvinnustjórnmalamanna.

Borgaralegt samfélag getur af sér ekta fjölræði og fjölræði leiðir til samkeppni - og framleiðir gæði. Í þessu tilliti eru líkindi með hagfræði og stjórnmalum. Eftir því sem mönnum eru gefnar frjáltsari hendur og leyft að eiga frumkvæði, því líklegra er að þeir sem hafa bestu og frjóustu hugmyndirnar sigri. Með því að treysta eingöngu á getu og hæfni miðstjórnarvalds ríkisins og pólitískra afla til að taka ákvarðanir varðandi hvað þarf að gera og hvernig það er gert eru menn að jafna valdi við sannleika, en það hefur verið ein hættulegasta pólitíska stefna aldarinnar.

Og Havel bætti við:

Menn þurfa ekki að vera hagfræðingar til þess að átta sig á því að borgaralegt samfélag borgar sig. Þegar ríkissjóður þarf að greiða fyrir hvað sem er verður hann að afla fjár með æ meiri skattaálögum. Við þær tilfærslur fjármagns tapast ætíð dágóðar upphæðir. Þar sem skattaafsláttur er veittur vegna góðgerðarstarfsemi fá líknarstofnanir meira fé en þær fengju frá ríkinu þótt sömu upphæð væri eytt. Og þó að skattaívilnanir fái ekki tekur borgaralegt samfélag samt sem áður frumkvæðið til að betrumbæta sig.

Þetta skildi Evrópusambandið. Eitt skýrasta dæmi þess er [Árósasamningurinn frá árinu 1998](#), fullgiltur á Alþingi árið 2011. Stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands telur að hugmynd – hvað þá frumvarp til laga – um að stofna eins konar úrvalsdeild af samtökum sem vinna að almannaheill gangi þvert gegn Árósasamningnum. Og sé í raun meira í ætt við stjórnarhöfðingjana í Póllandi og Ungverjalandi sem nú gera allt til að undiroka hið borgaralega samfélag.


Í 4. lið 3. gr. Árósasamningins segir:

Sérhver samningsaðili skal viðurkenna og styðja með tilhlýðilegum hætti félög, samtök og hópa sem vinna að umhverfisvernd og tryggja að réttarkerfi landsins sé í samræmi við þessa skuldbindingu.

Frumvarpi sem gengur út á að lagskipta samtökum eftir því hvort heldur fjármálaráðherra telur þau vinna að almannaheill eða að pólitískum markmiðum sem hann telur ómakleg ætti efnahags- og viðskiptanefnd að henda í pappírskörfuna.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson









# Náttúruverndarsamtök Íslands

## Iceland Nature Conservation Association

### Viðauki I

Við 1. umræðu um frumvarpið tók Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (M) til máls og beindi spurningum til fjármálaráðherra (leturbr. mínar):

En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig sér hann fyrir sér að það verði skilgreint hvaða félög teljist til almannaheilla? Hæstv. ráðherra nefndi að þetta yrði skilgreint betur síðar. Nú er mjög mismunandi hvað fólk telur vera til almannaheilla og hvað ekki, ég tala nú ekki um á þessum ímyndarstjórnmatímum. Er hætta á að samtök sem eru í rauninni í pólitískri baráttu falli þarna undir? Tökum dæmi: Mikið er rætt um umhverfismálin og hæstv. ráðherra nefndi raunar landgræðslu og skógrækt. Ég held að allir hljóti að geta verið sammála um að landgræðsla og skógrækt sé æskileg en það eru ekki allir sammála um að æskilegt sé að moka ofan í skurði, geta jafnvel talið það til óþurftar og miklu betra að gróðursetja í það land. Annað dæmi: Myndu samtök, gefum þeim nafn og segjum að þau heiti Ráðdeild, sem berðust fyrir því að vel væri farið með ríkisfé sitja við sama borð og samtök sem væru að berjast fyrir auknum útgjöldum á einhverju sviði? Eða samtök sem væru að berjast fyrir fólk sem fer leiðar sinnar á sínum fjölskyldubíl, væru að tryggja öryggi þess og að það komist leiðar sinnar, væru þau með sama rétt og samtök sem í nafni umhverfisverndar væru að berjast gegn umferð fjölskyldubílsins?

Burtséð frá áhyggjum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar er ljóst að þarna er fjármálaráðherra kominn í skilgreiningarvanda. Í svari sínu til formanns Miðflokksins sagði hann:

Við erum t.d. að fara inn í tekjuskattslögin og eins og rakið er í greinargerð um hugtakið almannaheill má leiða af þessum tilgangi öllum að sú starfsemi sem er hér undir sé ekki unnin í ábataskyni fyrir þá sem að henni koma eða þannig að þeir sem að félagsstarfsemi standa séu með þann tilgang að hafa af henni persónulegan ávinning heldur renni ágóði af starfsemiinni raunverulega til þess að bæta samfélagið. Þar geta komið upp önnur álitamál, eins og það sem hv. þingmaður nefnir um hvort endurheimt á votlendi með því að moka ofan í skurði falli undir það eða önnur dæmi, eins og hann rakti í máli sínu.

Sigmundur Davíð hélt áfram og knúði fjármálaráðherra til frekari skilgreininga, og þá svaraði fjármálaráðherra:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að í 1. gr. frumvarpsins er talið upp hvaða starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt töluliðnum, í a–g-lið, og ég rakti það stuttlega í máli mínu áðan. Ég teldi það hins vegar ekki í samræmi við markmið laganna að fara að tevgja einstaka töluliði vfir einhver átaksmál í samfélaginu sem eru eingöngu til þess hugsuð að vinna að framgangi einhverra pólitískra hugðarefna. Það teldi ég ekki vera í samræmi við megintilgang laganna. Það er komið aðeins nánar inn á þetta í greinargerð. Þar eru dregin fram ýmis atriði sem máli skipta varðandi skilgreiningu á hugtakinu almannaheill. Við erum hér með umfjöllun sem rifjar það

upp að skilgreining á hugtakinu, út frá þeim málaflökkum sem falla undir 1. gr., hefur lykilþýðingu. Það er sem sagt rifjað upp að þeir lögaðilar eru undanþegnir skattskyldu sem um ræðir í 2. gr. tekjuskattslaga í dag og eiga hér heimili ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það einasta að markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum, samkvæmt 4. gr. tekjuskattslaga. Síðan er farið aðeins nánar út í þetta. (Forseti hringir.) Það er erfitt að fara dýpra í þessi mál hér (Forseti hringir.) í andsvari en mér fannst hv. þingmaður viðra (Forseti hringir.) mikilvæg sjónarmið sem þarf að hafa í huga.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), þskj. 416 - 342. mál, 151. Löggjafarþing 2020-2021.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri



# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla).

## **Pingskjal 416 - 342. mál 151. löggjafarþing 2020-2021**

Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt og óháð félag sjálfbóðaliða sem stendur vörð um mannréttindi, líf og heilsu berskjaldaðra hópa og einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt félag gagnvart stjórnvöldum sem gerir því kleift að starfa í samræmi við grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Félagið starfar á grundvelli laga og stefnu sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins 23. maí 2020, samþykktu alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans, Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949, viðbótarbókana frá 8. júní 1977 og 8. desember 2005 og laga frá Alþingi um merki og starfsemi félagsins nr. [115/2014](#). Rauði krossinn á Íslandi er skráður sem almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri í samræmi við lög nr. [119/2019](#). Félagið veitir jafnframt stjórnvöldum stoðþjónustu á sviði mannúðarmála og almannavarna.

Rauði krossinn á Íslandi fagnar frumvarpinu og telur ótvírætt að það nái til félagsins og allra deilda þess hér á landi enda stundar það mannúðar- og líknarstarfsemi í skilningi 1. gr. frumvarpsins.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn á Íslandi haft eigin fjárhagslega hagsmuni að leiðarljósi og að íslensk stjórnvöld búi að því að hafa hér á landi öflugt og vel starfandi Rauða kross félag sem veiti stjórnvöldum stoðþjónustu á sviði mannúðarmála og almannavarna.

### **Almennar athugasemdir**

Rauði krossinn telur frumvarpið vera fagnaðarefni í meginatriðum. Íslensk almannaheillafélög og samtök þriðja geirans hafa löngum kallað eftir því að skattalegt umhverfi lögaðila sem starfa án hagnaðarsjónarmiða og hafa skýr markmið í þágu almennings sé bætt. Með samþykkt frumvarpsins verða mörkuð tímamót varðandi stöðu viðurkenndra almannaheillafélaga. Miklu munar þar um heimildir einstaklinga til að lækka skattgreiðslur sínar með því að styrkja almannaheillafélög. Rauði krossinn á Íslandi er þess fullviss að slíkar skattaávilnanir muni skila sér til baka með öflugra starfi þriðja geirans í þágu samfélagsins.



Þá tekur frumvarpið til endurgreiðslu á 60% af virðisaukaskatti af vinnu vegna byggingar, viðhalds og endurbóta á mannvirkjum í eigu almannaheillafélaga, enda sé húsnæðið nýtt til almannaheillaþjónustu. Rauði krossinn fagnar sömuleiðis þessu aukna skattalega hagræði.

Þrátt fyrir að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref fram á við er ljóst að enn er talsvert langt í land. Rauði krossinn beinir því til stjórnvalda að þau skoði í framhaldinu að afnema virðisaukaskatt af aðföngum hjá viðurkenndum almannaheillafélögum, enda rennur drjúgur hluti af tekjum og fjáröflun félaganna til baka í ríkissjóð með virðisaukaskatti. Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu eru almannaheillafélög á Norðurlöndum undanþegin slíkum skatti.

Rauði krossinn er hluti af almannavörnum á Íslandi skv. lögum um almannavarnir nr. [82/2008](#) og samningi ríkislögreglustjóra við Rauða krossinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg um hjálparlið almannavarna frá [7. mars 2012](#). Talsverður aðstöðumunur er milli félaganna tveggja hvað varðar innkaup á búnaði til björgunar- og almannavarnastarfa. Rauði krossinn hefur fjárfest í búnaði fyrir hundruð milljóna króna á síðustu árum, sem einungis er ætlaður til almannavarnastarfa. Má þar nefna bifreiðar, neyðarbedda, rafstöðvar og ýmsan öryggisbúnað. Félagið hefur greitt fullan virðisaukaskatt, tolla og vörugjöld af slíkum búnaði. Um Slysavarnafélagið Landsbjörg gilda hins vegar ýmsar undanþágur svo sem varðandi vörugjöld af ökutækjum, olíugjald og tolla á björgunarbúnaði og björgunartækjum. Rauði krossinn beinir því til stjórnvalda að þau tryggi Rauða krossinum sambærilegar undanþágur á sömu forsendum og Slysavarnafélagið Landsbjörg nýtur, sbr. umsögn við 1. gr. frumvarpsins, sbr. einnig grunnsjónarmið stjórnskipunarréttar um jafnræði við lagasetningu sem er helst takmörkuð við málefnalega mismunun.

## Athugasemdir við einstaka greinar draganna

### 1. gr.

Lagt er til að í 1. gr. b liðar frumvarpsins komi nýr liður, *Starfsemi Rauða krossins*.

Rökstuðningur: Rauði krossinn er félag sem veitir stjórnvöldum stoðþjónustu í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög og lög frá Alþingi um Rauða krossinn á Íslandi, sbr. Lög nr. [115/2014](#).

### Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta efnahags- og viðskiptanefnd til þess að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.





Alþingi  
nefndasvið

SÍBS | Iceland Patient Association  
Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
+354 560 4800 | sibs@sibs.is

## MEÐ TÖLVUPÓSTI

*Umsögn SÍBS um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, þskj. 416, 342. mál, 151. löggjafarþing 2020–2021.*

### 1. Inngangur

SÍBS fagnar vinnu yfirvalda við útvíkkun á skattalegum hvötum og lögfestingum nýrra þegar kemur að starfsemi þriðja geirans, enda er það vafalaust mikilvægt samfélagslegt málefni að stuðlað sé að því að starfsemi sem telst til almannaheilla fái aukið fjármagn. SÍBS þakkar einnig fyrir umsagnarbeiðni nefndarinnar og hefur ákveðið að vekja athygli á neðan greindu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, þskj. 416, 342. mál, 151. löggjafarþing 2020–2021.

### 2. Um fyrirhugaðar breytingar á 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003

Samkvæmt fyrirhuguðum breytingum er lagt til að tæmandi talið verði hvaða starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt ákvæði 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatts, nr. 90/2003, þ.á m. er kveðið að mannúðar- og líknarstarfsemi falli þar undir.

Í athugasemdum greinargerðar frumvarpsins við 1. gr. þess, er varðar breytingar á 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 segir m.a. að undir mannúðar- og líknarstarfsemi falli m.a. starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, þ.m.t. starfsemi Rauða krossins.

SÍBS telur ljóst að ekki sé nægilega skýrt að almenn félög eða félagasamtök eins og SÍBS, þ.e. félög sjúklinga og félög fatlaðra, sem hafa tugi þúsunda félagsmanna, eða önnur sambærileg félög sem viðhafa sambærilega starfsemi, rúmist innan fyrirhugaðra breytinga á 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sé litið til framangreinds orðalags athugasemda greinargerðar frumvarpsins við 1. gr. þess.

Í ljósi framangreinds leggur SÍBS því til viðbót við staflíð b, a. liðar ákvæðisins þar sem skýrlega komi fram að starfsemi félaga sjúklinga og fatlaðra falli undir málsliðinn „mannúðar- og líknarstarfsemi, s.s. með eftirfarandi hætti (undirstrikað):

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „almenningsheilla“ kemur: almannaheilla.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eftirtalin starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt tölulíðnum:
  - a. mannúðar- og líknarstarfsemi, þ.m.t. starfsemi félaga sjúklinga og fatlaðra,
  - b. æskulýðs- og menningarmálastarfsemi, þ.m.t. íþróttastarfsemi,
  - c. starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
  - d. vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
  - e. starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
  - f. neytenda- og forvarnarstarfsemi og
  - g. starfsemi Þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.



SÍBS telur rétt í þessu samhengi að vekja athygli á forsendum í álitum Umboðsmanns Alþingis nr. 6565/2011 um hugtakið „mannúðar- og líknarstarfsemi“ í skilningi tollalaga nr. 88/2005 og hugtakið „mannúðar- og líknarstofnun“ í skilningi laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, hvar fram kemur m.a. að:

„Af tilvitnaðri upptalningu 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 á þeim stofnunum og félagasamtökum sem ákvæðið tekur til má draga þá ályktun að við útfærslu reglugerðarinnar á hugtakinu „mannúðar- og líknarstarfsemi“ í skilningi laga nr. 88/2005, og þar með hugtakinu „mannúðar- og líknarstofnun“ í skilningi laga nr. 50/1988, hafi ekki eingöngu verið litið til hefðbundinna hjálparstofnana. Þvert á móti er þar einnig talin upp starfsemi sem að öllu jöfnu er starfrækt í talsvert víðtækari tilgangi, einkum til ýmiss konar þjónustu við hópa með sérgreindar þarfir vegna sjúkleika, örorku eða elli. Leiðir þessi skilningur jafnframt af þeirri framsetningu ákvæðisins að það hefur að geyma auðkennatalningu, sbr. orðalagið: „aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi“. Form stofnunarinnar er því ekki það sem ræður úrslitum við túlkun og beitingu ákvæðisins heldur hvort líta verði svo á að efnislega fari hlutaðeigandi aðili, sem fengið hefur gjöf, að hluta eða öllu leyti með starfsemi sem telst sambærileg við þá starfsemi sem þeir aðilar, sem taldir eru sérstaklega upp í ákvæðinu fara með, og að gjöfin nýtist beinlínis í þeirri starfsemi.“

Þá segir í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi er fjallar um undanþágu aðflutningsgjalda á gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi að „tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélag, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum.“

Með vísan til alls framangreinds telur SÍBS rétt að kveðið verði skýrlega á um í fyrirhugaðri breytingu á 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að starfsemi félaga sjúklinga og fatlaðra falli undir undanþáguákvæðið, líkt og fyrr greinir, svo vafalaust sé að starfsemi líkt og sú sem SÍBS hef með höndum og sambærilegar aðilar falli þar undir.

### **3. Um athugasemdir greinargerðar við 1. gr. frumvarpsins**

Líkt og fyrr greinir segir í athugasemdum greinargerðar umrædds frumvarps við 1. gr. þess að undir mannúðar- og líknarstarfsemi falli m.a. starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, þ.m.t. starfsemi Rauða krossins.

SÍBS telur ekki ljóst af framangreindu orðalagi athugasemda greinargerðarinnar að félög sjúklinga og fatlaðra falli undir fyrirhugaðar breytingar á 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þ.e. að starfsemi slíkra félaga falli undir hugtakið mannúðar- og líknarstarfsemi. Því ber að áréttá mikilvægi þess að skýrt sé tekið fram í athugasemdum greinargerðar við 1. gr. að aðrir lögaðilar, s.s. félagasamtök líkt og SÍBS, þ.e. ekki stofnanir, eða aðrir aðilar sem hafi með höndum sambærilega starfsemi og sú starfsemi sem skilgreind er að ofan í athugasemdum greinargerðar við 1. gr. þess, sem mannúðar- og líknarstarfsemi, falli þar undir.

Ennfremur telur SÍBS rétt að vekja athygli á því að hugtakið „forvarnir“ í nútímanum innifelur fleiri sviði lýðheilsu en þau sem nefnd eru í athugasemdum við stafflið f. b. 1. gr. umrædds frumvarps. Því er mikilvægt að fram komi í athugasemdum við ákvæðið að aðilar, s.s. SÍBS, sem vinna að forvörnum á sviði lýðheilsu falli undir ákvæðið. Eru enda lýðheilsuvandamál og lífstíllssjúkdómar eitt stærsta samfélagslega vandamál samtímans.





#### 4. Um fyrirhugaðar breytingar skv. 2. og 3. gr. frumvarpsins

Þá er rétt að víkja að skilyrði 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins um að skráning í almannaheillafélagaskrá sé skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt greinunum, sem og að ákvæði laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri taki til skráningu slíkra lögaðila, sem ekki eru með starfsemi yfir landamæri.

SÍBS telur ljóst að skilyrði þetta sé íþyngjandi fyrir almannaheillafélög sem falla ekki undir gildissvið laga um almannaheillafélög með starfsemi yfir landamæri, og að það leiði óbeint til skráningarskyldu allra almannaheillafélaga á Íslandi, óháð því hvort starfsemi þeirra náí yfir landamæri. Verður að telja varhugavert að leidd verði í lög slík óbein skylda, án þess að fyrir liggi samhugur og samþykkt um lagaramma í kringum slík almannaheillafélög, en nærtækara væri að sérstakur lagarammi yrði gerður um slík félög áður en felld er óbein skráningarskylda á slík félög með þessum hætti.

Reykjavík, 17. desember 2020

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðmundur Löve'.

Guðmundur Löve  
framkvæmdastjóri SÍBS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa að almannaheill), 342. mál á 151. löggjafarþingi.**

Samtök um kvennaathvarf styðja frumvarpið og telja mikilvægt að það verði að lögum til hagsbóta fyrir almannaheillafélög og samfélagið allt.

Samtök um kvennaathvarf eru frjáls félagasamtök sem reka neyðarathvörf í Reykjavík og á Akureyri fyrir konur og börn þeirra sem geta ekki lengur búið heima hjá sér vegna ofbeldis. Kvennaathvarfið sinnir einnig umfangsmikilli viðtalsþjónustu til stuðnings konum sem sætt hafa ofbeldi í nánnum samböndum auk þess að standa að fræðslu og rannsóknum um birtingarmyndir og afleiðingar heimilisofbeldis. Þannig fellur starfsemi félagsins undir skilgreiningu frumvarpsins um mannúðar- og líknarstarfsemi og almannaheill.

Starfsemi félagsins er fjármögnuð með árlegum framlögum af fjárlögum frá ríkinu og styrktarsamning við Reykjavíkurborg. Því til viðbótar eru styrkir frá einstökum sveitarfélögum auk framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og ýmsum líknarfélögum. Allar tekjur félagsins renna til þessarar starfsemi.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að einstaklingar og lögaðilar geti dregið frá gjafir og framlög til almannaheillasamtaka á bilinu 10 þús. kr. - 350 þús. kr. á ári. Þetta yrði mjög jákvætt skref. Á undanförunum árum hefur hlutfall styrkja frá einstaklingum skipt starfsemi Kvennaathvarfsins æ meira máli á meðan föst framlög frá opinberum aðilum hafa í besta falli fylgt verðlagsbreytingum, staðið í stað í krónutölu eða þurft að mæta almennri hagræðingarkröfu. Mikil óvissa er um árleg framlög sveitarfélaga þrátt fyrir að dvalarkonur í Kvennaathvarfinu og börn þeirra komi alls staðar af landinu. Til samanburðar má benda á að skýr lagaákvæði eru nú í Noregi um skyldu sveitarfélaga til

að tryggja þolendum ofbeldis í nánnum samböndum neyðarathvarf. <sup>1</sup> Fjöldi þeirra einstaklinga og lögaðila sem styðja við Kvennaathvarfið telur þúsundir. Því viljum við taka undir ábendingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar við meðferð málsins í Samráðsgátt stjórnvalda að hugað verði að því hvernig mætti nýta stafrænar lausnir þegar kemur að nýtingu gjafafrádráttar hjá skattinum.<sup>2</sup>

Í II. kafla og III.kafla frumvarpsins er lagt til að almannaheillafélög verði undanþegin fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum og arðstekjum og eigi rétt á endurgreiðslu VSK vegna byggingaframkvæmda. Kvennaathvarfið hefur staðið í uppbyggingu áfangaheimilis á undanförunum árum og vinnur að undirbúningi framkvæmda við fyrsta sérhannaða neyðarathvarfið á Íslandi. Í þeim tilgangi hefur félagið staðið í sérstakri fjáröflun og þurft að vera með fjármuni til ráðstöfunar á vaxtaberandi innlánsreikningum til að geta staðið skil á skuldbindingum við byggingaframkvæmdir og greitt fjármagnstekjuskatt af þeim fjármunum. Sú breyting að afnema fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum ásamt möguleikanum á að fá endurgreiddan VSK af vinnu á verkstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum mun skipta Kvennaathvarfið mjög miklu máli bæði við byggingu hins nýja neyðarathvarfs og við þær stöðugu endurbætur og viðhald sem mannmargt heimili krefst. Yrði það til enn frekari hagsbóta ef undir þennan lið myndi falla hönnun og eftirlit þó sú vinna fari ekki fram á verkstað líkt og var í þeim ráðstöfunum sem gripið var til í því skyni að bregðast við efnahagsástandinu af völdum kórónuveirunnar, auk þess að hækka endurgreiðsluna úr 60% í 100%.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Guðmundsdóttir  
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

---

<sup>1</sup> <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2009-06-19-44>

<sup>2</sup> [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=304f0536-a90c-eb11-9b9a-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=304f0536-a90c-eb11-9b9a-005056bcce7e)

Um mál:

**151. löggjafarþing 2020–2021.**  
**Þingskjal 416 — 342. mál.**

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla.

**Kafli III**

Breytingar á virðisaukaskatt

Hér mætti bæta við heimildum um niðurfellingu eða endurgreiðslu á vsk vegna kaupa á gæslu og björgunarbátum siglingaklúbba. Ásamt niðurfellingu á vsk af eldsneyti á bátana.

**Aðrar breytingar**

Fella tolla og aðflutingsgjöld af gæslu- og björgunarbátum. Ásamt því að fella niður gjöld eða endurgreiða þau af bensíni sem félöginn kaupar. Ef í raun að gæslu- og öryggisbátar siglingaklúbba sé í sama flokk og önnur björgunartæki.

**Greinagerð:**

Siglingaklúbbar, aðilar að ÍSÍ einn starfar á vegum ÍTR, reka viðamikið barna- og unglingsstarf víða um land. Í slíkum rekstri eru gerðar miklar kröfur um öryggi á námskeiðum og við þjálfun barna meðal annars af samgöngustofu. Þetta krefst margra og dýra tækja sem klúbbarnir þurfa að fjárfesta í (að mörgu leiti fasteignir klúbbana). Við þetta bætist talsverður kostnaður í eldsneytis kaupum. Hluti af þessum eldsneytisgjöldum er ætluð í uppbyggingu vegakerfisins og því ekki eðlilegt að tæki á sjó ber slík gjöld.

Við teljum að gæslu- og björgunarbátar siglingaklúbba ættu að vera í flokki með búnaði björgunarsveita og njóta sambærilegra fríðinda þegar kemur að gjaldtöku. Enda hefur það sýnt sig að bátar siglingaklúbba hafa í gegnum tíðina ekki aðeins sinnt öryggi iðkenda klúbbana heldur einnig komið til hjálpar öðrum vegfarendum á þeim svæðum sem þeir starfa og jafnvel hjálpað lögreglu við minniháttar atvik á þeim tíma sem þeir eru starfandi.

Björgunarbúnaður siglingaklúbba er tiltækur allan ársins hring og hefur a.m.k á okkar starfsvæði staðið lögreglu og björgunaraðilum til boða í neyð og verið notaður. Sem dæmi eru sennilega um 8-10 RIB bátar staðsettir nálægt flugvöllum. Þó sem betur fer sinni þessir bátar fyrst og fremst öryggi barna og unglina sem stunda sjósport.

F.h. Nökkva félags siglingamanna Akureyri

Tryggvi J. Heimisson formaður

## Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Óli Björn Kárason, formaður

[olibiorn@althingi.is](mailto:olibiorn@althingi.is)

[arnarkari@althingi.is](mailto:arnarkari@althingi.is)

Reykjavík, 22. febrúar 2021.

Í tölvupósti sendum 17. febrúar 2021 bar nefndarritari efnahags- og viðskiptanefndar upp ósk nefndarformanns um aðstoð undirritaðs við úrlausn nokkurra álitaefna sem fram koma í umsögn Skattsins og sameiginlegri umsögn UNICEF á Íslandi og Hjálparstofnunar kirkjunnar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), á þingskjali 416 – 342. máli.

Tillaga í 1. gr. frumvarpsins virðist þrengja verulega frá því sem nú er gildissvið 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003.

Gildandi ákvæði tekur ekki aðeins til lögaðila sem hafa sjálfir með höndum starfsemi til almenningsheilla (almannaheillalögaðila), heldur einnig til atvinnufyrirtækja sem ráðstafa öllum hagnaði sínum til almannaheillalögaðila. Má í því sambandi t.d. benda á tvo úrskurði yfirsattanefndar, nr. 549/1996 og nr. 131/2020. Í fyrr nefnda úrskurðinum voru málsatvik þau að sameignarfélag í eigu tveggja manna hafði þá atvinnustarfsemi með höndum að starfrækja auglýsingaspjöld. Samkvæmt samþykktum félagsins skyldi öllu hagnaði þess varið til eflingar íþróttahreyfingar í tilteknu bæjarfélagi. Yfirsattanefnd féllst á að félagið væri undanþegið tekjuskatti þar sem það verði hagnaði sínum til almenningsheilla. Í síðar nefnda úrskurðinum voru atvik þau að einkahlutafélag hafði með höndum byggingu og sölu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur þess að styðja íþróttastarfsemi tiltekins íþróttafélags og skyldi hagnaði einungis úthlutað í samræmi við þann tilgang. Yfirsattanefnd taldi þá afmörkun ekki nægjanlega skýra til að félagið teldist undanþegið tekjuskatti þar sem ekki hvíldi skylda á stjórn félagsins til að úthluta hagnaði til ákveðinna verkefna. Tiltók nefndin í því sambandi að að gera yrði ríka kröfu til afmörkunar þega eiginleg starfsemi lögaðila miðaði ekki að almenningsheillum.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu virðist afnema skattundanþágu atvinnufyrirtækja sem ráðstafa öllum hagnaði sínum til almannaheillalögaðila, þannig að undanþágan einskorðist við lögaðila sem sjálfir hafa með höndum starfsemi til almannaheilla. Kemur það m.a. fram í eftirfarandi orðum greinargerðar frumvarpsins:

*„Með 2. gr. laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019, er þeim félögum sem þar falla undir heimilt að stunda atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan tiltekinna marka. Sömu sjónarmið skulu eiga við um þá aðila sem falla undir 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga og er þeim því heimilt að stunda atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum og leiða má beint af tilgangi viðkomandi lögaðila, enda séu að öðru leyti öll almenn skilyrði fyrir atvinnustarfsemi uppfyllt. Þá skal lögaðila sem fellur undir 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga með sama hætti vera heimilt að stunda starfsemi sem hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna félagsins. Hér undir fellur atvinnustarfsemi sem rekin er til að efla og styrkja tilgang viðkomandi lögaðila til almannaheilla eða starfsemi til almannaheilla sem ágóðinn rennur til. Einnig getur lögaðili rekið starfsemi sem getur verið til hjálpar meginstarfsemi, t.d. rekstur húsnæðis fyrir skrifstofur samtaka o.fl. Almenn mun þó atvinnurekstur ekki vera ráðandi þáttur í starfsemi lögaðila, enda yrði þá lítið svo á að um almennt atvinnurekstrarfélag væri þá að ræða í samkeppni við annan atvinnurekstur og væri viðkomandi lögaðili þá skattskyldur sem slíkur.“*

Tillaga sú að breytingu á 4. tölul. 4. gr., sem ríkisskattstjóri færir fram í umsögn sinni, miðast sýnilega við þessa þrengingu á gildissviði greinarinna, þ.e. að undanþágan taki aðeins til þeirra lögaðila sem hafa með höndum starfsemi sem talin er upp í a-g liðum nýs málsliðar sem lagður er til. Breytingatillaga ríkisskattstjóra á 1. gr. frumvarpsins felur í sér að almannaheillalögaðilar falli undir ákvæðið óháð félagsformi, sbr. tilvísun til 1.-5. tölul. 2. gr., og hvort heldur þau stunda atvinnustarfsemi eða ekki, sbr. tilvísun til 5. tölul. 4. gr.

Ef vilji löggjafans stendur til umræddrar þrengingar undanþágunnar er frumvarpstillagan, að gerðri breytingu skv. tillögu ríkisskattstjóra, til þess fallin að ná fram þeim vilja.

Undirrituðum þykir þessi þrenging undanþágunnar vera nokkuð á skjön við tilgang frumvarpsins og sjónarmið að baki, sem fram koma í tveimur fyrstu köflum greinargerðar frumvarpsins. Þannig t.d. mun breytingin girða fyrir að almannaheillalögaðili skipi atvinnustarfsemi til fjáröflunar sinnar í sérstakt félag til takmörkunar á áhættu.

Ef á hinn bóginn vilji stendur ekki til að þrengja undanþáguna frá því sem nú er, en jafnframt til að afmarka hugtakið almannaheill með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu, er unnt að ná því fram með því að auka nýjum málslið við núgildandi ákvæði 4. tölul. 4. gr. til viðbótar þeim málslið sem lagður er til í b-liðar 1. gr. frumvarpsins. Sá nýi málsliður gæti hljóðað: Hagnaði telst varið til almannaheilla hvort heldur lögaðili ver honum í þágu eigin starfsemi til almannaheilla eða með fjárframlögum til annars lögaðila sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins hljóðaði þá svo: Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „almenningsheilla“ kemur: almannaheilla.
- b. Við bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hagnaði telst varið til almannaheilla hvort heldur lögaðili ver honum í þágu eigin starfsemi til almannaheilla eða með fjárframlögum til annars lögaðila sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla. Eftirtalin starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt tölulíðnum:
  - a. mannúðar- og líknarstarfsemi,
  - b. æskulýðs- og menningarmálastarfsemi, þ.m.t. íþróttastarfsemi.
  - c. starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
  - d. vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
  - e. starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
  - f. neytenda- og forvarnarstarfsemi og
  - g. starfsemi þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

Verði farið að þessari tillögu undirritaðs verður óþörf sú breyting á 5. tölul. 4. gr. sem ríkisskattstjóri leggur til með því að auka við nýrri 2. gr. við frumvarpið. Allir lögaðilar sem verja hagnaði sínum til almannaheilla, sbr. framangreinda skilgreiningu, verða undanþegnir tekjuskattsskyldu hvort heldur þeir stunda atvinnu eða ekki.

Jafnframt verða þá óþarfar þær breytingar sem ríkisskattstjóri leggur til á 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í umsögn UNICEF á Íslandi og Hjálparstofnunar kirkjunnar benda þær sjálfseignarstofnanir á að þær uppfylla ekki skilyrði til skráningar á almannaheillafélagaskrá þá sem mælt er fyrir um í lögum nr. 119/2019, um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri. Af því virðast sjálfseignastofnanirnar draga þær ályktanir að þær muni ekki falla undir skattundanþágu 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, að gerðum þeim breytingum á ákvæðinu sem lagðar eru til í frumvarpinu, og ekki verða bærar til að taka við gjöfum sem mynda skattfrádrátt hjá gefanda samkvæmt 2. og 3. gr. frumvarpsins. ið. Undirrituðum virðast þær ályktanir að nokkru leyti byggðar á misskilningi.

Í 1. gr. frumvarpsins er skráning á almannaheillafélagaskrá ekki gerð að skilyrði fyrir skattundanþágu. Slík skráning er hins vegar gerð að skilyrði þess að lögaðili verði bær til móttöku gjafa er veita gefanda

frádráttarrétt í skattskilum, bæði að því er gjafir fólks og lögaðila varðar. Ekki virðist átt við almannaheillafélagaskrá þá sem mælt er fyrir um í lögum nr. 119/2019, heldur virðist gert ráð fyrir nýrri skrá, opinni almannaheillafélagaskrá Skattsins, svo vísað sé til orða í greinagerð frumvarpsins. Þeirri skrá virðist ætlað að ná yfir þau félög sem skrá skal skv. lögum nr. 119/2019, en einnig yfir lögaðila sem falla utan þeirra skráningarskyldu. Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að hina nýja skrá verði aðgreind skrá innan fyrirtækjaskrár sem ríkisskattstjóri starfrækir skv. lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Lagt er til að á eftir orðunum „félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri“ í 4. tölul. 2. gr. og í 3. gr. laga nr. 17/2003 bætist við orðin „lögaðilar sem falla undir 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Hinni nýju skrá er því sýnilega ekki aðeins ætlað að taka til félaga heldur einnig lögaðila á öðru formi sem teljast vera til almannaheilla. Notkun orðsins „almannaheillafélagaskrá“ í 2. og 3. gr. frumvarpsins er því ekki lýsandi fyrir það hvaða lögaðilar skuli færðir á skrána og gæti orðnotkunin verið villandi.

Vert er í þessu samhengi að nefna að setning laga nr. 199/2019 laut fyrst og fremsta að opinberri skráningu félaga, sem ekki féllu undir aðrar skyldubundnar skráningar, í þágu eftirlits með peningþvætti og fjármögnum hryðjuverka. Sjálfseignarstofnanir eru eftir atvikum skráningarskyldar samkvæmt annað hvort lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, eða lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.


Í 2. gr. frumvarpsins er gert að skilyrði fyrir skattfrádrætti fólks að móttakandi gjafar veiti ríkisskattstjóra upplýsingar um fjárhæð gjafar til áritunar á skattframtal. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að upplýsingagjöfin verði felld undir 92. gr. laga nr. 90/2003 og fari því fram að viðkomandi ári liðnu. Undirrituðum þykir óeðlilegt að frádráttarréttur gefanda sé háður síðari upplýsingagjöf móttakanda, enda hefur gefandi engin úrræði til að knýja á um þá upplýsingagjöf. Hins vegar hefur ríkisskattstjóri valdheimildir til að knýja móttakanda til efnda á skyldum sínum.

Að framangreindu virtu leggur undirritaður til breytingar á orðalagi 2. gr. frumvarpsins. Í stað orðanna „Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum á því tímamarki þegar gjöf er afhent eða framlag er veitt og upplýsingar um fjárhæð fjárframlags hafi verið móttækna frá viðtakanda til áritunar á skattframtal. Ákvæði VII. kafla laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019 gilda um skráningu lögaðila í almannaheillafélagaskrá eftir því sem við á“ komi orðin: Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að móttakandi gjafar eða framlags sé þá skráður sem lögaðili til almannaheilla skv. 3. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Jafnframt leggur undirritaður til breytingar á orðalagi 3. gr. frumvarpsins. Í stað orðanna: „Skilyrði frádráttar skv. 1. málsl. er að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum á því tímamarki þegar gjöf er afhent eða framlag er veitt. Ákvæði VII. kafla laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019 gilda um skráningu lögaðila í almannaheillafélagaskrá eftir því sem við á“ komi orðin: Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að móttakandi gjafar eða framlags sé þá skráður sem lögaðili til almannaheilla skv. 3. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Enn fremur leggur undirritaður til breytingar á orðalagi 1. tölulið 3. efnismálgreinar 8. greinar frumvarpsins. Í stað orðanna „Umsækjandi sé skráður í fyrirtækjaskrá og almannaheillafélagaskrá Skattsins“ komi orðin: Umsækjandi sé skráður sem lögaðili til almannaheilla skv. 3. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Virðingarfyllt,

  
Sigurjón Högnason

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.12.2020  
Tilvísun: 20201200931

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla) - 342. mál, þskj. 416**

Ríkisskattstjóri móttók þann 4. desember sl. tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Embættið telur tilefni til eftirfarandi athugasemda:

**I. Núgildandi ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem snerta efni frumvarpsins**

***Undanþága frá greiðslu tekjuskatts samkvæmt 4. tölul 4. gr. tsl.***

Í tilvísuðu ákvæði segir:

*„Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.“*

Undanþága þessi tekur til allra lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt 2. gr. tsl. Undanþágan ræðst af því að hagnaði sé ráðstafað til almannaheilla og lögaðilinn hafi það að einasta markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum. Undanþágan er því aldrei viðurkennd fyrirfram, þar sem kanna þarf árlega við álagningu að ráðstöfun hagnaðar hafi farið fram í samræmi við þær samþykktir sem lagðar voru fram við skráningu lögaðilans í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 90. gr. tsl. eru framtalsskyldir allir þeir sem skattskyldir eru og einnig þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr.

***Frádráttur frá tekjum rekstraraðila vegna gjafa og framlaga sem byggist á 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. tsl.***

Í tilvitnuðu ákvæði segir:

*„Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórn málaflokka og vísindalegra ramnsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,75% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.“*

Um ákvörðun frádráttar frá tekjum rekstraraðila hefur, varðandi form og málaflokka sem teljast falla undir almannaheill, verið byggt á ákvæðum 15.-18. gr. reglugerðar nr. 483/1983, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Rétt er að taka fram að



móttakendur þeirra framlaga sem viðurkennd hafa verið frádráttarbær frá skattstofni atvinnurekstraraðila, þ.e. almannaheillafélög, hafa almennt fallið undir 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tsl., þar sem segir í upphafsmálslið greinarinnar:

*„Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi:*

[1. -4. tölul. ...]

*5. Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. og 6. tölul. 4. gr., svo og dánarbúum og þrotabúum.“*

Þessir lögaðilar hafa verið undanþegnir frá greiðslu tekjuskatts á grundvelli 5. tölul. 4. gr., þar sem segir:

*„Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.“*

Móttakendur gjafa og framlaga til almannaheilla hafa almennt fallið undir framangreind ákvæði fremur en að byggt væri á 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga.

## **II. Athugasemdir við breytingar frumvarpsins á tsl.**

### **Um 2. gr.**

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á frádráttarheimildum skv. A-lið 1. gr. 30. gr. tsl., þannig að endurvakinn verði frádráttur einstaklinga utan atvinnurekstrar vegna framlaga til lögaðila sem starfa til almannaheilla, sbr. tillögur að skilgreiningum í nýjum a.-g.-liðum 4. tölul. 4. gr. tsl. Eins og fram hefur komið í kafla I. tekur 4. tölul. 4. gr. til undanþágu atvinnurekstrarfélaga frá greiðslu tekjuskatts af hagnaði þeirra. Það skal áréttað að nánast án undantekninga hafa frádráttarbær framlög frá rekstraraðilum ekki runnið til slíkra aðila heldur aðila sem falla undir 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og eru því undanþegnir skattskyldu skv. 5. tölul. 4. gr. þar sem þeir hafa ekki tvinnurekstur með höndum. Þannig verður ekki annað séð en að öll hefðbundin líknar-, menningar- og hjálparsamtök muni falla utan hinnar nýju skilgreiningar sem lögð er til samkvæmt frumvarpinu.

Sett er það skilyrði frádráttar að móttakendur gjafa séu skráðir á almannaheillafélagaskrá ríkisskattstjóra á því tímamarki þegar framlag er veitt, og að móttakandi skili skattyfirvöldum tímanlega til áritunar á skattframtöl upplýsingum um fjárhæð fjárframlags. Þannig er í frumvarpinu gengið út frá því að ríkisskattstjóri geti fyrirfram – þ.e. við skráningu félags á almannaheillaskrá – tekið afstöðu til þess hvort að félag verji hagnaði sínum alfarið til almannaheilla en í því felst ákveðinn ómöguleiki. Ríkisskattstjóri ítrekar ábendingar sínar undir kafla I um að undanþága frá greiðslu tekjuskatts af hagnaði skv. 4. tölul. 4. gr. sé aldrei veitt fyrirfram heldur metin við hverja álagningu frá ári til árs, enda er skilyrði undanþágu tvíþætt; að hagnaði sé varið einungis til almannaheilla og að þeir hafi það eina markmið samkvæmt samþykktum sínum. Skír úrskurða- og dómaframkvæmd er fyrir því að bæði þessi skilyrði skuli vera uppfyllt, og að samþykktir félags um ráðstöfun hagnaðar til almannaheilla leiði þannig ekki sjálfkrafa til viðurkenningar á því að um almannaheillafélag sé að ræða. Reynslan hefur sýnt að full ástæða er til slíkrar athugunar á ráðstöfun hagnaðar frá ári til árs,

og í ákveðnum tilvikum hefur þróun skattskila lögaðila verið tekin til sérstakrar skoðunar með tilliti til þessa.

Ríkisskattstjóri bendir jafnframt á að þrátt fyrir að frádráttarheimild skuli bundin rafrænni upplýsingamiðlun móttakanda til áritunar á framtöl gefanda þá kann að reyna á framlagningu skjallegra sönnunargagna fyrir frádrætti. Með vísan til þess að fjárhæðarmörk samkvæmt frumvarpinu eru ekki bundin við einstök framlög heldur að framlög séu *samtals* annars vegar að lágmarki 10.000, og hins vegar að hámarki 350.000 kr., gæti slíkri skoðun fylgt nokkuð umstang, fyrir bæði skattyfirvöld og skattaðila.

### **Um 3. gr.**

Í 1. málsli. 3. gr. er lagt til að frádráttur frá atvinnurekstrartekjum verði hækkaður úr 0,75% í 1,5% vegna gjafa og framlaga til aðila sem falla undir 4. tölul. 4. gr. vegna starfa til almannaheilla. Þá er 2. málsli. svohljóðandi:

*„Auk þess skulu gjafir og framlög sem stuðla eiga að kolefnisjöfnun, svo sem aðgerða í rekstri [...] þó ekki yfir 1,5% ...“*

Skilja verður samspil framangreindra málsliða þannig að frádráttur til kolefnisjöfnunar teljist sjálfstæður frádráttarliður þannig að heildarfrádráttur skv. 2. tölul. 31. gr. geti samtals numið 3%. Varðandi framlög sem falla myndu undir 2. tölul. 31. gr. þá er sérstök athygli á því vakin að þau eru ekki skilyrt við að móttakandinn starfi til almannaheilla, né kemur fram í hverju framlög til aðgerða í rekstri geti falist, t.a.m. að ekki geti verið um eignakaup í eigin rekstri að ræða, enda er tekið á slíkum fjárfestingum með 399. þingmáli (þskj. 570) á yfirstandandi þingi.

### **III. Tillögur ríkisskattstjóra vegna breytinga á tsl.**

Með vísan til þeirra vandkvæða sem fjallað hefur verið um, en með hliðsjón af markmiðum frumvarpsins, leggur ríkisskattstjóri til að fyrirhuguð frádráttarheimild einstaklinga utan atvinnurekstrar, vegna gjafa eða framlaga til félaga sem sinna starfsemi til almannaheilla, takmarkist við móttakendur gjafa eða framlaga sem ekki stunda atvinnurekstur og eru undanþegnir frá greiðslu tekjuskatts á grundvelli 5. tölul. 4. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. tsl. Eins og fram kom undir kafla I hafa móttakendur gjafa og framlaga til almannaheilla almennt fallið undir framangreind ákvæði fremur en að byggt væri á 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga. Í þessum tilvikum er ekki þörf á skoðun framtals að tekjuári loknu til að sannreyna að hagnaði hafi einungis verið ráðstafað til almannaheilla, enda eru þessir aðilar ekki framtalsskyldir og greiða ekki tekjuskatt. Yfir þessi félög yrði haldin almannaheillaskrá hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þannig er lagt til að 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*„Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 4. gr. laganna:*

- a. 1. mgr. orðast svo: Þeir lögaðilar sem hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum:*

- a) Lögaðilar sem falla undir 1.-5. tölul. 2. gr.  
b) lögaðilar sem falla undir 5. tölul. þessarar lagagreinar
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Eftirtalin starfsemi telst til almannaheilla samkvæmt stafliðnum:
- a. manniðar- og líknarstarfsemi,  
b. æskulýðs- og menningarmálstarfsemi, þ.m.t. íþróttastarfsemi,  
c. starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda  
og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,  
d. vísindaleg rannsóknarstarfsemi,  
e. starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,  
f. neytenda- og forvarnarstarfsemi og  
g. starfsemi Þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga. “

Lögð er til ný 2. gr. frumvarpsins til breytingar 5. tölul. 4. gr. tsl., svohljóðandi:

„5. tölul. 4. gr. tsl. orðast svo: *Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., sem ekki reka atvinnu og stunda ekki starfsemi samkvæmt a-g liðum 2. mgr. 4. gr. sbr. b-lið 1. mgr. 4. tölul.*“

Þannig er lagt til að 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Gjafir og framlög til lögaðila skv. b-lið 1. mgr. 4. tölul. 4. gr. sem hafa með höndum starfsemi til almannaheilla skv. a-g-lið 2. mgr. 4. tölul. 4. gr., að lágmarki 10 þús. kr. og allt að hámarki samtals 350 þús. kr. á almanaksári. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum á því tímamarki þegar gjöf er afhent eða framlag er veitt og upplýsingar um fjárhæð fjárframlags hafi verið móttæknar frá viðtakanda til áritunar á skattframtal. Ákvæði VII. kafla laga um skráningar skyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019 gilda um skráningu lögaðila í almannaheillafélagaskrá eftir því sem við á. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.*“

Þá er lagt til að 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„2. tölul. 31. gr. laganna orðast svo: *Einstaka gjafir og framlög til lögaðila skv. b-lið 1. mgr. 4. tölul. 4. gr. sem hafa með höndum starfsemi til almannaheilla skv. a-g-lið 2. mgr. 4. tölul. 4. gr., þó ekki yfir 1,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Auk þess skulu gjafir og framlög til aðgerða sem stuðla eiga að kolefnisjöfnun, svo sem aðgerða í rekstri til kolefnisjöfnunar, sem og fjárframlög til skógræktar, uppgræðslustarfa og endurheimtar votlendis falla undir töluliðinn, þó ekki yfir 1,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent eða framlag er veitt. Skilyrði frádráttar skv. 1. málsl. er að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum á því tímamarki þegar gjöf er afhent eða framlag er veitt. Ákvæði VII. kafla laga um skráningar skyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019 gilda um skráningu lögaðila í*

*almannaheillafélagaskrá eftir því sem við á. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið og um framkvæmd hans að öðru leyti.*

Afleiddum lagabreytingum yrði síðan að breyta með því að vísa til skilgreiningar í nýrri uppsetningu 4. tölul. 4. gr., sbr. að ofan.

#### **IV. Athugasemdir við breytingar frumvarpsins á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og tillögur ríkisskattstjóra**

##### **Um 7. gr.**

Ríkisskattstjóri leggur til að í stað orðsins „góðgerðarféлага“ í 1. tölul. komi „almannaheillaféлага“ þannig að ekki verði um tvenns konar hugtakanotkun að ræða að þessu leyti.

##### **Um 8. gr.**

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að endurgreiða skuli lögaðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir a.-g.-lið 1. gr. frumvarpsins 60% þess virðisaukaskatts sem þessir aðilar hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald og endurbætur á mannvirkjum alfarið í þeirra eigu, eða sérgreindum matshlutum þeirra, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með þessu ákvæði sé lögð til varanleg lögfesting á efni ákvæðis til bráðabirgða nr. XXXIV við vskl.


Ríkisskattstjóri bendir á að þetta orðalag kunnir að leiða til álitamála þar sem lögaðilar sem stundi atvinnurekstur en verji hagnaði sínum til almannaheilla teldu sig eiga rétt til endurgreiðslu á grundvelli ákvæðisins á sama hátt og þeir aðilar sem móttaki framlag þeirra. Yrði það niðurstaðan, þá kynni það að leiða til röskunar á samkeppni gagnvart atvinnurekstrarfyrirtækjum í sömu eða sambærilegri starfsemi, þ.e. með sérstakri ívilnun í formi endurgreiðslu virðisaukaskatts sem yrði umfram það sem aðrir mættu telja til innskatts eða njóta einskis innskattsréttar svo sem gildir um starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. ákvæðum 3. mgr. 2. gr. vskl.

Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum leggur ríkisskattstjóri til að þeir aðilar sem öðlast rétt til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðinu verði taldir þar með jákvæðum hætti eins og gert er í nefndu bráðabirgðaákvæði nr. XXXIV við vskl. Jafnframt leggur ríkisskattstjóri til að þeir aðilar sem öðlast rétt til endurgreiðslna samkvæmt ákvæðinu verði aðgreindir sérstaklega í almannaheillaskrá frá öðrum þeim aðilum sem kynnu að falla undir a.-g.-lið 1. gr. frumvarpsins.

Varðandi andlag endurgreiðslnanna, mannvirkið, er áskilið samkvæmt ákvæðinu að það sé að yfirgnæfandi hluta nýtt í þágu meginstarfsemi umsækjanda samkvæmt samþykktum hans. Um matskennt atriði er að ræða sem æskilegt væri að afmarka nánar. Slík afmörkun myndi jafnframt draga úr hættu á samkeppnisröskun gagnvart atvinnufyrirtækjum verði mannvirki nýtt í t.d. til útleigu salar fyrir fundi, ráðstefnur eða veislur í samkeppni við veitingahús o.fl. Algengt er að félagasamtök á borð við íþróttafélög afli fjár til starfsemi sinnar með virðisaukaskattsskyldri starfsemi af þessum toga í samkeppni við annan atvinnurekstur.

Endurgreiðsla af þeim toga sem frumvarpið gerir ráð fyrir kæmi því til viðbótar tekjum félagasamtaka af samkeppnisrekstri og gæti því leitt til betri samkeppnisstöðu þeirra gagnvart atvinnufyrirtækjum í framangreindri starfsemi.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á netfangið  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 17. desember 2020

**Efni: Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing, þskj. 416 – 342. mál**

## I. INNGANGUR

1. Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. desember s.l., þar sem Slysavarnafélaginu Landsbjörg var gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál („**frumvarpið**“).
2. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu á það uppruna sinn að rekja til vinnu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði þann 1. apríl 2019 og var ætlað að fara yfir skattalegt umhverfi þriðja geirans með það að markmiði að styrkja skattalegt umhverfi hans. Allt frá því að starfshópurinn tók til starfa og til dagsins í dag hefur víðtækt samráð verið haft við hagsmunaaðila í tengslum við útfærslu málsins. Ber sérstaklega að þakka starfshópnum og þeim sem að málinu hafa komið af hálfu skrifstofu skattamála hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir vönduð vinnubrögð og gagnsæi við meðferð málsins.
3. Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar frumvarpinu og þeirri miklu réttarbót sem það kemur til með að hafa í för með sér fyrir þriðja geirann. Það er sérstaklega ánægjulegt að athygli stjórnvalda skuli beinast að þessum málaflokki og í því felst viðurkenning á þeim samfélagslegu verðmætum sem leiða af óeigingjörnu starfi þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem starfa í þágu almannaheilla hér á landi.
4. Á þeim tíma sem málið hefur verið til vinnslu hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg skilað ítarlegum umsögnum um þau álitæfni sem tengjast því frumvarpi sem nú er til þinglegrar meðferðar. Ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirra umsagna í þaula á þessu stigi heldur er látið nægja að vísa til þeirra. Þá er enda ljóst að við vinnslu málsins hefur þegar verið tekið tillit til sumra þeirra athugasemda sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur komið á framfæri, auk þess sem breytingar á öðrum lögum hafa einnig mætt sumum þeirra sjónarmiða sem sett voru fram á fyrri stigum. Framangreint sýnir að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar að það víðtæka samráð sem haft hefur verið í þessu máli hefur skilað árangri og er til fyrirmyndar.
5. Að því sögðu, er þó ávallt svigrúm til að gera betur og vill Slysavarnafélagið Landsbjörg nýta þetta tækifæri til að koma á framfæri nokkrum atriðum sem það telur að væru til bóta næðu þau fram að ganga og tekið yrði tillit til við þinglega meðferð frumvarpsins. Þá er að öðru leyti vísað til fyrri umsagna sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur skilað í tengslum við vinnslu málsins fram til þessa.



## II. ATHUGASEMDIR SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

6. Slysavarnafélagið Landsbjörg telur afar mikilvægt að fram komi í frumvarpinu, eða sé a.m.k. áréttað í greinargerð með því, að þegar um er að ræða landssamtök þar sem félagsaðilar eru félög sem teljast almannaheillafélög, líkt og í tilviki Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þá nægi að landssamtökin séu skráð í opna almannaheillafélagaskrá Skattsins.
7. Sú nálgun sem tekin er í frumvarpinu að skilgreina sérstaklega þá starfsemi sem telst vera til almannaheilla í nýjum 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er skynsamleg að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá að starfsemi björgunar-sveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga kemur þar fram í sérstökum tölulið. Þessi breyting felur jafnframt í sér að skilgreining hugtaksins „almannaheill“ verður grundvallarforsenda þess hvaða lögaðilar komi til með að fá notið þeirra skattalegu hvata sem mælt er fyrir um í frumvarpinu enda er í flestum öðrum greinum frumvarpsins vísað til þessarar skilgreiningar. Þá er ljóst af öðrum ákvæðum frumvarpsins að lögaðilum sem falla undir 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt verður, til viðbótar gert að uppfylla önnur skilyrði til þess að fá notið þess hagræðis sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Er þar fyrst fremst átt við það skilyrði að slíkir lögaðilar þurfa að vera skráðir í opna almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum.
8. Slysavarnafélagið Landsbjörg telur skilyrði um skráningu í opna almannaheillafélagaskrá vera af hinu góða. Það eykur gagnsæi fyrir bæði þiggjendur og gefendur framlaga og styrkja, auk þess sem það eykur fyrirsjáanleika um hverjir geti notið þeirra skattalegu hvata sem um ræðir og einfaldar eftirlit. Það er þó mikilvægt að slíkir skilyrði verði ekki svo íþyngjandi að smáum einingum sem tilheyra landssamtökum sem starfa til almannaheilla verði gert erfitt um vik eða jafnvel ómögulegt að uppfylla með sjálfstæðum hætti ítarleg og flókin formskilyrði til þess að öðlast slíka skráningu og fá notið þess hagræðis sem af henni leiðir. Þegar um er að ræða landssamtök þar sem félagsaðilar eru félög sem einnig teljast almannaheillafélög, líkt og í tilviki Slysavarnafélagsins Landsbjargar, ætti skráning landssamtakanna í opna almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum að nægja þannig að allar félagseiningar landssamtakanna teljist réttilega skráðar í almannaheillafélagaskrána. Þetta þarf að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar að skýra í frumvarpinu enda nægir tilgreining sú sem kemur fram í frumvarpinu í tengslum við breytingu á 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ekki ein og sér til að taka af öll tvímæli hvað þetta varðar.
9. Einingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru fjölmargar og samanstanda af 94 björgunar-sveitum, 36 slysavarnadeildum og 48 unglingsdeildum víðsvegar um landið. Margar félagseiningar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru smáar og snýst starfsemi þeirra fyrst um störf í þágu almannaheilla sem alfarið eru unnin í sjálfböðavinnu. Verði gerð krafa um að hverri einni og einustu félagseiningu Slysavarnafélagsins Landsbjargar verði gert að skrá sig sérstaklega og uppfylla með sjálfstæðum hætti skilyrði slíkrar skráningar er hætt við að frumvarpið nái ekki fyllilega markmiðum sínum. Það er skoðun Slysavarnafélagsins Landsbjargar að mun eðlilegra sé að unnið sé að slíkum málum á vettvangi landssamtakanna og þeim sjálfböðaliðum sem starfa á vegum eininga félagsins þannig veitt svigrúm til þess að vinna í þágu aðalmarkmiðs starfseminnar, þ.e. björgun mannlífa og verðmæta. Ef krafist yrði sjálfstæðrar skráningar allra félagseininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar yrði um að ræða 178 sjálfstæðar skráningar í hina opnu almannaheillafélagaskrá. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar er miklu mun skilvirkara að gera ráð fyrir skráningu landssamtakanna og slíkir skráningar nægi svo allar félagseiningarnar teljist skráðar með fullnægjandi og réttum hætti. Þessu til viðbótar væri hægt að gefa þeim félagseiningum sem það kjósa kost á að afla sjálfstæðrar skráningar, sé fjöldi

félagsmanna og umfang starfsemi viðkomandi einingar með þeim hætti að einingin geti sinnt slíku með sjálfstæðum hætti.

10. Af þeim sökum leggur Slysavarnafélagið Landsbjörg til að bætt verði við nýrri málsgrein við 3. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá (sbr. VI. kafla frumvarpsins), sem væri svohljóðandi:

*„Þegar um er að ræða landssamtök þar sem félagsaðilar eru félög sem teljast almannaheillafélög nægir að landssamtökin séu skráð í almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögunum og skal þá slík skráning landssamtakanna einnig ná til og gilda um einstaka félagsaðila. Aðildarfélögum landssamtakanna er þó einnig heimilt að óska eftir sérstakri skráningu í almannaheillafélagaskrá.“*

11. Framangreind tillaga er ekki ný af nálinni, heldur er hún tekin beint upp úr greinargerð sem fylgdi öðru frumvarpi, þ.e. frumvarpi til nýrrar heildarlöggjafar um félög til almannaheilla sem síðast var lagt fram á 149. löggjafarþingi, sbr. athugasemdir við 1. gr. þess frumvarps. Það er því ljóst að við vinnslu þess frumvarps hafði löggjafinn áttað sig á mikilvægi þessa og þótt sérstök ástæða til þess að tilgreina þetta í greinargerð. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ekki síður mikilvægt að þessu verði haldið til haga í tengslum við frekari vinnslu frumvarpsins sem nú er til umfjöllunar.
12. Með vísan til framangreinds eru nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd hvattir til þess að leggja til framangreinda breytingartillögu við frumvarpið eða a.m.k. skýra þetta álitafni í nefndarálit þannig að sú staða komi ekki upp síðar að þeir skattalegu hvatar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu virki ekki fyrir einstaka félagseiningar Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna þess að skráning Slysavarnafélagsins Landsbjargar í hina opnu almannaheillafélagaskrá verði ekki talin fullnægjandi fyrir einstaka félagseiningar landssamtakanna.

\* \* \*

13. Skynsemisrök mæla með því að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar að hugtakið byggingarstaður verði rýmkað í tengslum við heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnulið vegna framkvæmda við fasteignir.
14. Það er engum blöðum um það að fletta að frumvarpið felur í sér mikla réttarbót frá því kerfi sem var við lýði áður en bráðabirgða ákvæði XXXIV var tekið upp í lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem lýtur að endurgreiðslu virðisaukaskatts af hluta vinnuliðar vegna framkvæmda við fasteignir.
15. Sú endurgreiðsluheimild sem fyrirhugað er að innleiða með varanlegum hætti í frumvarpinu er eingöngu bundin við vinnu sem framkvæmd er á byggingarstað. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ástæða til þess að útvíkka gildissvið hinnar fyrirhuguðu endurgreiðsluheimildar frekar í þessu sambandi, enda er ljóst að ýmis vinna getur farið fram í tengslum við byggingu, viðhald og framkvæmdir fasteignar án þess að hún sé framkvæmd á byggingarstaðnum sjálfum. Má þar t.a.m. nefna vinnu við einingahús en ljóst er að umtalsverð vinna fer fram á öðrum stað en hinum eiginlega byggingarstað áður en einingarnar eru ferjaðar á þangað og settar þar upp. Ef ekki væri um einingahús að ræða færi sams konar vinna fram á byggingarstað. Einnig má í þessu sambandi t.a.m. nefna vinnu við samsetningu rafmagnstafna, smíði glugga og hurða, samsetningu innréttinga o.þ.h., sem getur og er jafnvel æskilegt að fari fram að einhverju leyti utan byggingarstaðar. Ástæður þess geta t.a.m. verið íslenskt veðurfar.
16. Í þeim tilvikum sem nefnd eru að framan er þó ljóst að um er að ræða vinnu sem unnin er og nauðsynleg er í tengslum við byggingu þess mannvirkis sem um ræðir. Of þröng skilgreining á hugtakinu „byggingarstaður“ getur því haft áhrif á það með hversu skilvirkum hætti standa



að framkvæmdum við fasteignir sínar, t.a.m. ef það liggur fyrir að einingahús sé hagkvæmasta lausnin án þess að tekið sé tillit til endurgreiðslu virðisaukaskatts, þá getur þessi hagkvæmasti kostur verið dýrari þegar upp er staðið þegar tekið er tillit til þess að ekki er hægt að fá virðisaukaskatt endurgreiddan. Slíkt getur einnig leitt til þess að framkvæmdir verði unnar við aðstæður sem ekki eru ákjósanlegar og það getur haft áhrif á gæði verksins, s.s. ef um er að ræða samsetningu glugga í grenjandi rigningu eða blindbyl, þegar slík samsetning getur farið fram innandyra og tilbúnað einingar ferjaðar á byggingarstað til ísetningar.

17. Það getur vart verið ætlun löggjafans að stýra því í ákveðinn farveg með hvaða hætti almannahéillafélög standa að framkvæmdum við fasteignir sínar. Því telur Slysavarnafélagið Landsbjörg að skynsemissrök mæli með því að gildissvið ákvæðisins verði víkkað, eða öllu heldur að skilgreining hugtaksins „byggingarstaður“ verði rýmkuð, til þess að koma til móts við framangreind sjónarmið.
18. Þá má þess geta að í núgildandi bráðabirgðaákvæði XXXIV laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er þjónusta vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á mannvirki undanskilin því skilyrði að hún þurfi að vera innt af hendi á byggingarstað. Ekki er þó mælt fyrir um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna hönnunar og eftirlits í frumvarpinu án þess þó að slíkt sé rökstutt sérstaklega í greinargerð með frumvarpinu hverju þetta misræmi sætir. Ljóst er að hönnun og eftirlit stendur í órofa tengslum við slíkar framkvæmdir og er því lagt til að ákvæði frumvarpsins verði uppfært til samræmis við bráðabirgðaákvæði XXXIV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, hvað þetta varðar.

\* \* \*

19. Slysavarnafélagið Landsbjörg telur að ganga eigi lengra en fram kemur í frumvarpinu og mæla skuli fyrir um endurgreiðslu virðisaukaskatts af björgunarbúnaði og -tækjum sem nýtt eru í starfsemi björgunarsveitum.
20. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram: „Jafnframt kemur fram í tollalögum nr. 88/2005 [...] að fella skuli niður, lækka eða endurgreiða toll af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði eingöngu nýttur í starfsemi björgunarsveita.“ Byggir þetta á ákvæði 12. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005. Þá er mælt fyrir um í 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notað í þágu björgunarsveita. Slík ökutæki eru einnig undanþegin vörugjaldi, sbr. n. lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
21. Með öðrum orðum eru ökutæki sem notuð eru í starfsemi björgunarsveita undanþegin vörugjöldum og endurgreiða skal virðisaukaskatt vegna þeirra. Í tilviki annarra björgunartækja og -búnaðar er hins vegar aðeins til staðar heimildar ákvæði um að fella skuli niður, lækka eða endurgreiða toll vegna slíkra björgunartækja og björgunarbúnaðar en ekki er mælt fyrir um heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þeirra.
22. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar má færa rök fyrir því að framangreind endurgreiðsluheimild 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eigi ekki aðeins að ná til ökutækja sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, heldur einnig til annarra björgunartækja og -búnaðar sem nýtt eru í starfsemi björgunarsveitanna. Löggjafinn hefur þegar staðfest mikilvægi og sérstöðu slíkra björgunartækja og -búnaðar með áður nefndu heimildarákvæði tollalaga. Í þessu sambandi má vísa til þess að í Svíþjóð njóta sænsku sjöbjörgunarsamtökin (Sjöráðnings sällskapet) sérstakrar lögbundinnar undanþágu þar sem kaup og sala björgunartækja og -búnaðar er alfarið undanþegin virðisaukaskatti.

23. Tæknilegar framfarir síðustu ára og áratuga eru þess eðlis að björgunartæki og -búnaður eru sífellt að verða tæknilega fullkomnari og eru nú t.a.m. nýtt flygildi (drónar), kaubátar og annars konar dýr og sérhæfður tækjabúnaður við leitar- og björgunarstörf. Það getur vart verið ágreiningur um mikilvægi þess að björgunarsveitirnar séu búnar eins fullkomnum tækjabúnaði og kostur er á hverju sinni. Reynslan hefur sýnt að mikilvægi þessara sérhæfðu björgunartækja og -búnaðar við leitar og björgunarstörf er sífellt að aukast.
24. Með því að útvíkka gildissvið 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þannig að endurgreiðsluheimildin taki einnig til björgunartækja og -búnaðar, getur löggjafinn lagt sín lóð á vogarskálarnar til þess að tryggja sem skilvirkasta nýtingu þeirra fjármuna sem nýttir eru til kaupa á björgunartækjum og -búnaði hverju sinni, svo tryggt verði að björgunarsveitirnar verði ávallt sem best tækjum búnar.
25. Ákvæði 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með þeim breytingum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur til gæti verið svohljóðandi (viðbót feitletruð):

*„Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum, **björgunarbúnaði og björgunartækjum** sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki, **björgunarbúnaður og björgunartæki** verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.*


26. Sú breyting sem Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur til að framan er ekki flókin í framkvæmd og eru nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd eindregið hvattir til þess skoða framangreinda tillögu með jákvæðum huga.

### III. NIÐURLAG

27. Líkt og áður segir þá fagnar Slysavarnafélagið Landsbjörg efni frumvarpsins og telur að um mikla réttarbót verði að ræða fyrir þriðja geirann og þau félög og félagasamtök sem starfa hér á landi í þágu almannaheilla.
28. Á Íslandi búum við að því að hér starfa þúsundir sjálfboðaliða af alúð og krafti í þágu almannaheilla og er þessi mannaúður ekki síður auðlind frekar en náttúruöflin. Það er því mikilvægt framfaraskref að lögfestir séu efnahagslegir hvatar fyrir fólk og fyrirtæki til að styðja við þessa þjóðfélagslegu mikilvægu starfsemi og að ekki verði lagður steinn í götu þessa kraftmikla fólks sem felst í íþyngjandi formreglum þegar kemur að því að nýta þessa sömu skattalegu hvata.
29. Að lokum lýsir Slysavarnafélagið Landsbjörg sig reiðubúin til að vinna með efnahags- og viðskiptanefnd í þágu þeirra markmiða sem búa að baki frumvarpinu við frekari vinnslu þess og til allra góðra verka á þessu sviði.

Virðingarfyllt

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

  
Jón Svanberg Hjartarson

  
Garðar Víðir Gunnarsson

Reykjavík, 17. desember 2020

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 342. mál á 151. löggjafarþingi.**

UMFÍ lýsir yfir mikilli ánægju með frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld almannaheillafélögum til góða. Með frumvarpinu eru stigin stór skref framávið í málefnum félaga í þriðja geiranum, bæði hvað snertir skattalegt hagræði sem hvata til að gera betur og til að fá til starfa sjálfbóðaliða hjá öflugum félagasamtökum. Skattalegir hvatar auka burði félaga til að taka að sér verkefni sem svo leiða til samfélagslegs ábata. Það er samfélaginu til góða.

### **Eitt skref í einu í rétta átt**

UMFÍ hefur lengi mælt fyrir því að skattalegt fyrirkomulag frjálsra félagasamtaka hér á landi verði fært nær því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Sérhvert skref á þeirri leið er skref í rétta átt. Frumvarp þetta er eitt slíkt.

Ánægjulegt er að sjá undanþágur frá skattgreiðslum almannaheillafélaga í frumvarpinu nú, hvata sem styðja við almannaheillastarfsemi og ýmsum undanþágum frá greiðslu tekjuskatts og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum auk undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts með ýmum skilyrðum.

Eins og fram kemur í greinargerð með nefndu frumvarpi og UMFÍ hefur oft nefnt í fyrri umsögnum, þá færast félagasamtök á Íslandi æ nær systursamtökum á hinum Norðurlöndunum. Við erum hins vegar ekki komin á sama stað og gerist ytra.

Í fyrri umsögnum UMFÍ er vitnað til samanburðarskýrslu sem gerð var á vegum nokkurra góðgerðarsamtaka árið 2004 um skattlagningu íslenskra og erlendra félagasamtaka. Niðurstaðan var í mjög stuttu máli sú að skattaleg staða íslenskra félagasamtaka er töluvert verri en sambærilegra félaga á Norðurlöndunum. Þótt undanþágur sé sambærilegar hvað snerti greiðslu tekjuskatts og eignaskatts, þá voru þær takmarkaðri hér en ytra. Til viðbótar báru hér félög innan þriðja geirans fjármagnstekjuskatt og erfðafjárskatt, sem erlend félagasamtök höfðu lengi ekki gert.

Gott er að sjá að það hefur nú verið fært til sambærilegs vegar hér á Íslandi.

Enn má þó gera betur. Í frumvarpinu kemur fram að almannaheillafélög geta fengið undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts með nánar tilgreindum skilyrðum. Íslensku almannaheillafélögin eiga samkvæmt frumvarpinu ekki rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum með sama hætti og þau erlendu. Mikilvægt er að útvíkka möguleika til endurgreiðslu á innskatti svo það gagnist félögunum í stærra samhengi.

Að auki má benda á að almannaheillafélög geta samkvæmt frumvarpinu sótt um endurgreiðslu allt að 60% af vinnu manna á byggingarstað, við byggingu, viðhald og endurbætur á mannvirkjum sem eru í þeirra eigu. Það er jákvætt fyrir þau félög sem munu ná að nýta sér þá leið en gagnast ekki nema að takmörkuðu leyti því íþróttamannvirki og mannvirki sem íþróttir eru stundaðar í að nær öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

Í stuttu máli: Ýmsar undanþágur er að finna í þessu nýja og byltingakennda frumvarpi um almannaheillafélög. En eins og bent hefur verið á hér að framan eru undanþágurnar enn víðtækari hjá félögum í öðrum löndum, s.s. á hinum Norðurlöndunum. Við getum gert betur á sama tíma og við fögnum því að þessi skref eru stigin nú.


## Hvatar eru gagnlegir

Allir fjárhagslegir hvatar gagnast félagasamtökum eins og UMFÍ og aðildarfélögum þeirra. Við bendum á að innan UMFÍ eru rúm 400 félög sem eiga aðild í gegnum 28 sambandsaðila. Breytingar á skattaumhverfi félagasamtaka gagnast UMFÍ, en ekki síður aðildarfélögunum og samfélaginu sem mynda ungmennafélagshreyfinguna um allt land.

## Vinum saman

UMFÍ fagnar aðgerðum stjórnvalda sem bæta rekstrarumhverfi almannaheillafélaga. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri UMFÍ

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2021

**Umsögn UNICEF á Íslandi og Hjálparstarfs kirkjunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Mál nr. 342.**

UNICEF á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar (hér eftir kölluð umsagnaraðilar) óska eftir að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla) sem lagt hefur verið fram á 151. lögjafarþingi.

Umsagnaraðilar fagna frumvarpinu og þeim mikilvægu markmiðum sem því er ætlað að ná. Hins vegar teljum við áriðandi að benda á tiltekna meinbugi á löggjöf um almannaheillafélög sem leitt hafa til þess að sjálfseignastofnanir líkt og þær sem skrifa undir þessa umsögn falla ekki undir meginákvæði frumvarpsins, þrátt fyrir að hafa einungis með höndum starfsemi til almannaheilla. Í umsögninni er jafnframt sett fram tillaga að lagabreytingu sem leiðréttir þá meinbugi sem til staðar eru og tryggir að markmið frumvarpsins náist hvað varðar sjálfseignastofnanir sem hafa með höndum mikilvæga starfsemi til almannaheilla.

Umsagnaraðilar leggja mikilvægt framlag til almannaheilla í íslensku samfélagi:

- **UNICEF á Íslandi** hefur um 26.000 heimsforeldra sem styrkja með mánaðarlegum framlögum og samstarfsfyrirtæki sem styðja við neyðaraðgerðir samtakanna. Árlega sendir UNICEF á Íslandi yfir 500 milljónir króna til alþjóðlegs þróunarstarfs á vegum UNICEF, einnar af lykilstofnunum íslenskrar þróunarsamvinnu. Með innanlandsstarfi sínu styður UNICEF á Íslandi markvisst við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í fjölda íslenskra skóla og sveitarfélaga.
- **Hjálparstarf kirkjunnar** stendur fyrir öflugu starfi bæði á Íslandi og erlendis. Árlega er varið um 280 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu, til mannúðaraðstoðar og til starfs á Íslandi. Hér á landi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki um allt land sem býr við fátækt aðstoð og leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna. Þrír félagsráðgjafar greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Á starfsárinu 2019-2020 fengu 2.340 fjölskyldur (um 6.500 einstaklingar) efnislega aðstoð. Meira en 3.000 Hjálparliðar styrkja starfið með mánaðarlegum framlögum.

***Skilyrði frumvarpsins um skráningu lögaðila í almannaheillafélagaskrá Skattsins***

Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að efla og auka skattalega hvata til þeirra lögaðila í þriðja geiranum sem starfa til almannaheilla og einstaklinga og fyrirtækja sem ákveða að leggja starfsemi lið í formi gjafa eða fjárframlaga. Margar af þeim tillögum frumvarpsins sem fela í sér þessa skattalegu hvata eru bundnar því fortakslausu skilyrði að sá lögaðili, sem hagræðið beinist að, sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum. Á þetta m.a. við um 2., 3., 7. og 8. frumvarpsins sem fela í sér afar mikilvæga skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa að almannaheillum og þeirra sem leggja þeim lið í formi gjafa eða fjárframlaga.

### ***Skráning félaga í almannaheillafélagaskrá skv. lögum nr. 119/2019***

Samkvæmt framangreindum ákvæðum er það fortakslaust skilyrði fyrir beitingu þeirra að lögaðili sem hefur með höndum starfsemi til almannaheilla sé skráður í almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum skv. lögum um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019. Lögin, sem tóku gildi 11. október 2019, fjalla að meginstefnu til um stofnun og skráningu félaga til almannaheilla sem stofnað er til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að safna eða útdeila fjármunum í almannabágu og eru með starfsemi yfir landamæri. Í bráðabirgðaákvæði laganna er fjallað um skráningu félaga sem þegar voru skráð í fyrirtækjaskrá við gildistöku laganna en þar segir:

Almenn félagasamtök sem falla undir gildissvið laga þessara og skráð eru í fyrirtækjaskrá við gildistöku þeirra skulu breyta skráningu sinni í félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri. Jafnframt skal skrá þau í almannaheillafélagaskrá og skila inn nýjum samþykktum, tilkynningum um stjórn, varastjórn, endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna, og öðrum upplýsingum sem skrá skal samkvæmt lögum þessum.

Samkvæmt orðalagi sínu tekur bráðabirgðaákvæðið einungis til svokallaðra „almennra félagasamtaka“ sem skráð voru í fyrirtækjaskrá við gildistöku laganna. Bráðabirgðaákvæðið tekur þannig ekki til annarra lögaðila sem skráðir voru í fyrirtækjaskrá við gildistöku laga nr. 119/2019, svo sem sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988. Þá er sérstaklega tekið fram í almennum athugasemdum við frumvarp til laga nr. 119/2019 að lögin taki ekki til sjóða og félaga sem starfi samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skv. lögum nr. 19/1988.

UNICEF á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar eru skráð í fyrirtækjaskrá sem sjálfseignastofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Ljóst er að þegar umsagnaraðilar hófu starfsemi sína stóð ekki til boða að skrá þau sem almannaheillafélög enda var félagiformið óþekkt á þeim tíma. Öll starfsemi sem þau hafa með höndum telst til almannaheilla og falla stofnanirnar að öllu leiti undir skilgreininguna á almannaheillafélagi sem er að finna í lögum nr. 119/2019. Í ljósi þess hefur UNICEF á Íslandi þegar reynt að fá skráningu í almannaheillafélagaskrá Skattsins á grundvelli laga nr. 119/2019 en fengið þau svör að sjálfseignastofnanir geti ekki fengið skráningu í almannaheillafélagaskrá á grundvelli laganna.

Af framangreindu leiðir að umsagnaraðilar, sem hafa einungis með höndum góðgerðarstarfsemi og gegna mikilvægu hlutverki á því sviði bæði á Íslandi og heimsvísu, munu ekki geta nýtt sér stærstan hluta þeirra skattalegu hvata sem lagðir eru til með frumvarpinu. Verður að teljast ljóst að þetta fyrirkomulag fari algjörlega gegn tilgangi og markmiði frumvarpsins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að undir hinn svokallaða þriðja geira falli til að mynda „...félög, sjóðir og sjálfseignarstofnanir.“ Þá fellur starfsemi umsagnaraðila óumdeilanlega undir 1. gr. frumvarpsins um það hvaða starfsemi skuli teljast til almannaheilla skv. 4. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Má því ætla að þetta fyrirkomulag feli í sér alvarlega meinbugi á löggjöfinni sem mikilvægt er að leiðrétta samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

### ***Tillaga að breytingu á lögum nr. 119/2019***

Við teljum að nú sé tækifæri fyrir Alþingi til að leiðrétta framangreinda vankanta á löggjöf um lögaðila sem starfa til almannaheilla. Við leggjum til að samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu verði gerð breyting á bráðabirgðaákvæði laga nr. 119/2019 þannig að sjóðum og stofnunum, sem hafa með höndum starfsemi til almannaheilla, verði heimilud skráning í almannaheillafélagaskrá. Auðvelt væri að bæta slíkri breytingu við frumvarpið sem nú þegar inniheldur tillögu að breytingu á hinum ýmsu lögum. Í öllu falli teljum við nauðsynlegt að gera breytingar á löggjöf á þann hátt að sjálfseignastofnanir geti fallið undir ákvæði frumvarpsins, hvort sem það er gert með breytingu á lögum nr. 119/2019 eða orðalagi ákvæða frumvarpsins.

Mikilvægt er sjálfseignastofnanir sem einungis hafa með höndum starfsemi til almannaheilla hafi tækifæri til að breyta skráningu sinni í samræmi við lög nr. 119/2019 í stað þess að þurfa að ráðast í kostnaðarsamar og íþyngjandi aðgerðir í því skyni að stofna nýtt félag á nýrri kennitölu, þeim til tjóns. Í því sambandi má einnig benda á að slíkar aðgerðir kunna óhjákvæmilega að hafa í för með sér að umsagnaraðilar missi samband sitt við marga þá einstaklinga og fyrirtæki sem leggja starfseminni lið í formi gjafa og fjárframlaga. Verði frumvarpið samþykkt án breytinga mun það því leiða til alvarlegrar skerðingar á þeirri góðgerðarstarfsemi sem sjálfseignarstofnanir, líkt og þær sem undir þetta rita, sinna hér landi. Hlýtur það að fara þvert gegn tilgangi frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Bjarni Gíslason  
Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Kirkjunnar



Nefndarsvið Alþingis  
B.T. Efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. desember 2020.

**Efni: Umsögn um: Breyting á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla) 342. mál, lagafrumvarp. 151. Löggjafarþing 2020-2021**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi, regnhlífarsamtök yfir félög fatlaðs fólks, langveikra og aðstandenda. Undir regnhlíf bandalagsins eru 43 félög, öll mismunandi að stærð og styrk með um 40.000 félagsmenn.

ÖBÍ lýsir ánægju sinni með framlagt lagafrumvarpi. Með því er gott framfaraskref stigið til að bæta skattaumhverfi almannaheillasamtaka. Um leið verður að tryggja að ríkið dragi ekki úr fjárframlögum sínum til almannaheillasamtaka, sem mörg hver sinna umfangsmiklu hlutverki í þágu ýmissa hagsmunahópa, og sinna þar með oft verkefnum sem ríkið ætti í raun að sinna.

Sérstaklega ber að fagna því að í frumvarpinu er horft til þess að styrkja starfsemi þriðjageirans með því að útvíkka skattalega hvata, en eins og áður segir má það ekki verða til þess að ríkið dragi úr framlögum sínum til félaga sem starfa í þágu almannaheilla.

ÖBÍ hefði viljað sjá mun lengra gengið varðandi virðisaukaskatt á almannaheillafélög. Greiðslur vegna virðisaukaskatts eru með þeim stærri sem félög sem starfa í þágu almannaheilla, inna af hendi.

Má nefna að ýmis kostnaður vegna reksturs almannaheillafélags, s.s. virðisaukaskatts af tækjum, ráðgjöf, auglýsinga og markaðsefni og framleiðslu sjónvarps- og kynningarefnis til upplýsinga fyrir almenning og í þágu fatlaðs fólks, svo eitthvað sé nefnt.

Hér er um að ræða óhagnaðardrifin almannaheillasamtök sem innheimta ekki útskatt en greiða innskatt. Mikilvægt væri fyrir rekstur almannaheillafélaga að virðisaukaskattur væri endurgreiddur af fleiru en mannvirkjaframkvæmdum. ÖBÍ hvetur til þess að það verði gert.

Öryrkjabandalagið styður þetta lagafrumvarp og hvetur til þess að það verði að lögum.

Ekkert um okkur án okkar

Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður Öryrkjabandalags Íslands